

# MOSFELLINGUR

VEFÚTGÁFA
www.mosfellingur.is

9. TBL. 20. ÁRG. FIMMTUDAGUR 26. ÁGÚST 2021 • DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS




Mynd/RaggiÓla

NONNI OG VALA TAKA Á MÓTI GESTUM Í MOSFELLSDAL

*Líflegir laugardagar í Mosskógum í Mosfellsdal • Grænmetið alltaf vinsælast*

# Blómlegur markaður í Dalnum

Markaðurinn vinsæli í Mosskógum hefur gengið vel í sumar að sögn staðarhaldara. Úrvalið af afurðum er jafnan fjölbreytt og mikil stemmning í Dalnum. Þá hefur tjaldsvæðið verið vel sótt af gestum frá öllum heimshornum en það hefur nýlega verið endurnýjað og betrumbætt.

„Við höfum verið svo heppin að allt hefur gengið vel og allt innan þeirra marka sem leyfilegt er miðað við aðstæður. Við bjóðum upp á brakandi ferskt grænmeti, dásamlegar rósir, silung, hunang, egg og margt fleira.

Matarmenningin er skemmtileg á markaðnum, ýmsir aðilar selja tilbúinn mat og annað góðgæti, það er gaman kynnast ólíkri matarmenningu annarra þjóða,“ segir Jón Jóhannsson, staðarhaldari í Mosskógum, en markaðurinn er opinn alla laugardaga kl. 10-15 fram eftir hausti.


## EIGN VIKUNNAR

www.fastmos.is




**Stórikriki** - Rúmgóð og björt

Rúmgóð og björt 110,6 m2, 3ja herbergja íbúð á 1. hæð, ásamt bílastæði í bílageymslu í lyftuhúsi. Eignin er laus til afhendingar við kaupsamning. Stutt í alla helstu þjónustu, verslun, skóla og íþróttamiðstöðina að Varmá. **V. 59,9 m.**





Fasteignasala Mosfellsbæjar

FYLGSTU MEÐ OKKUR á Facebook

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Svanþór Einarsson • lögg. fasteignasali • www.fastmos.is










*Mosfellingurinn Helga Jónsdóttir fyrrverandi deildarstjóri Bókasafnsins*

## Lætur af störfum í Bókasafninu eftir nær 40 ár

»24


RÉTTINGAVERKSTÆÐI
Jóns B. ehf
Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is
WWW.JONB.IS






MOSFELLINGUR
www.mosfellingur.is - mosfellingur@mosfellingur.is

**Útgefandi**: Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426
**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:**
Hilmar Gunnarsson, *hilmar@mosfellingur.is*
**Ritstjórn:**
Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, *annaolof@mosfellingur.is*
Ragnar Þór Ólason, *raggiola@mosfellingur.is*
Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is
**Prentun:** Landsprent. **Upplag:** 5.000 eintök. **Dreifing:** Afturelding.
**Umbrot og hönnun**: Mosfellingur ehf.
**Prófökr:** Hjördís Kvaran Einarsdóttir ISSN 2547-8265

*Tekið er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.*

**Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsti Mosfellingur kemur út 16. september

# Nú má þessu fara ljúka

Nú ættu allir að vera komnir með upp í kok af Covid. Engin bæjarhátíð annað árið í röð þrátt fyrir að allir séu orðnir bólusettir og fínir. Þetta er grautfúlt ástand, því miður. Nú mætti þessu ástandi fara að ljúka. Hver hefði trúað þessu fyrir einhverju síðan. Ég er kominn á þann stað að ég nenni ekki að ræða neitt sem við kemur Covid, boðum og bönnum.



Þrátt fyrir að bærinn standi ekki fyrir flugeldasýningu og lúðrablæstri um helgina er ekkert sem segir að íbúar geti ekki gert sér glaðan dag. Er ekki tilvalið að hitta nágranna, vini og fjölskyldu og rækta sína nánustu?

Einhverjir viðburðir fara fram sem rúmast geta vel innan leikreglnanna. Tindahlaupið verður haldið sem og Fellhringurinn. Þá verður blásið til fótboltamóts á Tungubökkum og fellin allt í kringum okkur eru opin og bíða eftir okkur. Hverfisstaðurinn Barion býður líka upp á dagskrá og tívolíið verður við Hlégarð.

*Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellings*

ÍSFUGL
www.isfugl.is
KJÚKLINGUR KALKÚNN UM ÍSFUGL ÍSFUGLSBÆNDUR

## Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...



UNDIRRITUN SAMNINGA



FRÁGANGUR Á LÓÐ OG BÍLASTÆÐUM

### MIÐBÆR Í MÓTUN - 1986

Safnaðarheimili Lágafellssóknar hefur í rúmlega 30 ár verið til húsa í Þverholti 3. Þar eru einnig skrifstofur og aðstaða starfsfólks prestakallsins. Það var Verktakafélagið Ístak sem byggði húsið en Helga Vilhjálmsdóttir lyfsali var í forystu um framkvæmdirnar. Mosfellsapótek var í eigu Helgu og eitt fyrsta fyrirtækið, sem hóf starfsemi í húsinu.

Á myndinni til vinstri má sjá undirritun samingu um húsnæði fyrir Safnaðarheimilið. Frá vinstri: Svanhildur Þorkelsdóttir, gjaldkeri, Björn Ástmundsson, formaður sóknarnefndar, Helga Vilhjálmsdóttir f.h. eigenda. Aftar eru séra Birgir Ásgeirsson og Sigurður Hreiðar.

*Myndir úr Mosfellspóstinum. Upplýsingar: Kristín Reynisdóttir*

**Umsjón:** Birgir D. Sveinsson *(birgird@simnet.is)*

## HÉÐAN OG ÞAÐAN





Getur þú fundið Benjamín falinn í blaðinu?








# Fasteignasala Mosfellsbæjar




**Svanþór Einarsson**
Lögg. fasteignasali





**Egilína S. Guðgeirsdóttir**





**Þórhildur M. Sandholt**
Lögg. fasteignasali





**Sigurður Gunnarsson**
Lögg. fasteignasali





**Theodór Emil Karlsson**


## BUGÐUTANGI - FALLEGT EINBÝLISHÚS



Fallegt 310,4 m2 einbýlishús á tveimur hæðum við Bugðutanga. Frábær staðsetning nálægt miðbæ Mosfellsbæjar.

**V. 109,0 m.**

## EYJABAKKI



Sumarbústaðalóðir í Kjós. Lóðirnar standa við ána Sandá rétt við Meðalfellsvatn. Stutt er í þjónustu og fallegar gönguleiðir. Á svæðinu er verslun og veitingahús. Á hverri lóð er heimilt að byggja eitt frístundahús og eitt aukahús. Hámarks byggingarmagn á lóð er 100 m2, þ.e. frístundahús og aukahús.

**V. 6,3 m.**

## GERPLUSTRÆTI



Falleg 62,8 m2, 2ja herbergja íbúð á 1. hæð með sérinngangi og sérafnotarétti á lóð fyrir framan stofu í lyftuhúsi. Fallegt gólfefni, vandaðar innréttingar, kæli- og frystiskápur og uppþvottavél í eldhúsinnréttingu, gluggatjöld frá Álnabæ.

**V. 39,9 m.**

## BUGÐUFLJÓT



Nýtt atvinnuhúsnæði sem er að rísa á stórri lóð við Bugðufljót 17 á Tungumelum. Bilin verða 113m2 til 118 m2 og verða afhent í janúar 2022. Tvær innkeyrsludyr eru á hverju bili. Mögulegt er að fá rétt á að skrá milliloft í bilin, fjölga þannig fermetrum og auka verðmæti þeirra.

**V. 37,5 m til 39,9 m.**

## HJALLAHLÍÐ



Björt og falleg 64,1 m2, 2ja herbergja íbúð á jarðhæð í litlu fjölbýli með sérinngangi. Frábær staðsetning. Mjög stutt er í Lágafellsskóla, leikskólann Hulduberg, glæsilega sundlaug, líkamsræktarstöð World Class og golfvöll.

**V. 43,9 m.**




***Fasteignasala Mosfellsbæjar hefur starfað í Mosfellsbæ síðan 1998 og hefur lagt metnað sinn í að þjónusta Mosfellinga frá upphafi***



## Breytingar í Lágafellsskóla og á Höfðabergi

Lágafellsskóli er samrekinn leik- og grunnskóli og einn af þremur skólum í Mosfellsbæ sem reknir eru í því formi. Sveigjanleiki skólastarfs er mikilvægur eiginleiki til að mæta fjölgun barna í ört stækkandi bæjarfélagi. Börnum á grunnskólaaldri hefur fækkað í hverfinu en aukin þörf er á leikskólarýmum. Á því skólaári sem nú er að byrja mun 1.- 2. bekkur því aftur flytjast í aðalbyggingu skólans og Höfðaberg verður alfarið leikskóladeild. Frístund fyrir 1.-4. bekk verður einnig rekin í aðalbyggingu Lágafellsskóla. Fjöldi grunnskólabarna í Lágafellsskóla er nú 645 og leikskólabörn á Höfðabergi eru 130 á aldrinum 3-5 ára. Yngri leikskólabörn, 1-3 ára, eru á Huldubergi og samfella er í flutningi á milli leikskóla eftir aldri barna.



## Boranir eftir gulli að hefjast í Þormóðsdal

Rannsóknarboranir vegna gullleitar eru að hefjast í Þormóðsdal í Mosfellsbæ. Þar mun Bergborun bora 21 rannsóknarholu og sækja borkjarna. Dýpsta holan verður um 500 metra djúp. Þar er kvartsgangur sem geymir gull en tilgangur rannsóknanna er að sjá hvort þar finnist gull í vinnanlegu magni. Iceland Resources ehf. hefur aflað sér rannsóknargagna og sýna frá gullleit fyrri tíma hér á landi. Búið er að rýna þessi gögn á ný og rannsaka sum sýnin aftur.

## Tilnefningar til jafnréttisviðurkenningar

Lýðræðis- og mannréttindanefnd Mosfellsbæjar óskar eftir tilnefningum til jafnréttisviðurkenningar Mosfellsbæjar fyrir árið 2021. Tilgangurinn er að veita viðurkenningu fyrir vel unnin störf að jafnréttismálum í samræmi við jafnréttisáætlun Mosfellsbæjar. Hægt er að senda inn tilnefningar á mos.is/jafnretti en útnefningin verður kynnt á Jafnréttisdegi Mosfellsbæjar þann 16. september.

*Samkomutakmarkanir vegna Covid19 koma í veg fyrir bæjarhátíðina um helgina*

# Engin formleg dagskrá á vegum Mosfellsbæjar Í túninu heima

Eins og Mosfellingar vita væntanlega flestir verður engin formleg dagskrá á vegum Mosfellsbæjar í „Í túninu heima", sem er árleg bæjarhátíð Mosfellinga, sem haldin er í ágúst, afmælismánuði bæjarins.

Hátíðin stendur venjulega í fjóra daga og lýkur með útnefningu bæjarlistamanns og afhendingu umhverfisviðurkenninga.

Undirbúningi hátíðarinnar í ár lauk í byrjun sumars en neyðarstjórn Mosfellsbæjar komst að þeirri niðurstöðu að í ljósi samkomutakmarkana verði ekki um formleg hátíðarhöld að ræða á vegum Mosfellsbæjar út um allan bæ eins og hefðbundið er.

### Bæjarlistamaður útnefndur á sunnudag

Mosfellsbær hvatti hins vegar til þess í fréttatilkynningu að minni viðburðir sem rúmast innan samkomutakmarkana eigi sér stað dagana 26. til 29. ágúst á ábyrgð þeirra sem halda þá.

Tindahlaup Mosfellsbæjar, sem féll niður í fyrsta sinn í fyrra, verður hins vegar haldið laugardaginn 28. ágúst. Við framkvæmd hlaupsins verður gripið til þeirra ráðstafana sem gefist hafa vel við framkvæmd hlaupa þegar samkomutakmarkanir eru í gildi.

Loks verður bæjarlistamaður Mosfellsbæjar útnefndur og umhverfisviðurkenningar veittar sunnudaginn 29. ágúst.

### Íbúar haldi í sínar hefðir

Íbúar Mosfellsbæjar og gestir þeirra eru í ljósi þessarar stöðu hvattir til þess að halda í þær fjölskyldu- og vinahefðir sem hafa skapast í gegnum tíðina.

„Túnið hefur á síðustu árum verið okkur Mosfellingum kær viðburður sem markar sumarlok og upphaf vetrartíðar. Vegna samkomutakmarkana stendur Mosfellsbær ekki fyrir formlegri dagskrá en ég vil hvetja alla íbúa og gesti þeirra að gera sér dagamun, skreyta hús og garða í hverfislitnum, ganga á fell eða um bæinn og eiga góða kvöldstund í sinni sumarkúlu.

Við munum útnefna bæjarlistamann ársins og veita umhverfisviðurkenningar þó með breyttu sniði í lágstemmdri athöfn þar sem fulltrúar umhverfisnefndar og menningar- og nýsköpunarnefndar veita verðlaun og viðurkenningar," segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri Mosfellsbæjar.



TÓNLEIKAR Á MIÐBÆJARTORGINU

*Nýtt rými fyrir 5.-10. bekkinga skólans • Sérgreinarými, stoðrými og salur*

# Seinni áfangi Helgafellsskóla verður vígður 31. ágúst

Þann 31. ágúst verður seinni áfangi Helgafellsskóla vígður.

Í skólanum er leikskóladeild, grunnskóladeild og frístundadeild. Félagsmiðstöð fyrir miðstig og unglingastig verða einnig í skólanum og Listaskóli Mosfellsbæjar sinnir tónlistarkennslu á yngstu stigunum í skólanum í sérhönnuðu húsnæði fyrir tónlist. Í þessum áfanga verður rými 5.-10. bekkja, sérgreinarými, stoðrými og salur.

### Skólinn ætlaður fyrir um 700 börn

Fjöldi barna í skólanum hefur aukist jafnt og þétt frá því að kennsla hófst í skólanum árið 2018. Nú eru 117 börn í leikskóladeild og 300 í grunnskóladeild í átta árgöngum en á næstu tveimur árum munu svo tveir síðustu árgangar grunnskólans bætast við. Skólinn er áætlaður fyrir um 700 börn á leik- og grunnskólastigi.

Yrki arkitektar hönnuðu skólann sem er byggður í tveimur áföngum. Ístak hafði yfirumsjón með fyrri hluta byggingarinnar en Flotgólf annaðist þann seinni. Undirbúningur, hönnun og framkvæmdin hefur að mati Mosfellsbæjar tekist einkar vel og verið hönnuðum, verktökum og þeim starfsmönnum Mosfellsbæjar sem sinntu stjórnun og eftirliti til staks sóma.

Skólastarf í Mosfellsbæ hefur um margt verið í fararbroddi í skólaþróun hérlendis og Helgafellsskóli er þar engin undantekning. Í vetur hlaut skólinn styrk úr Sprotasjóði til að þróa kennslu á unglingastigi. Efsta hæð skólans er einstaklega falleg og hvetjandi umgjörð um áherslur skólans og styður vel við samþættingu námsgreina.



HELGAFELLSSKÓLI Í MOSFELLSBÆ

### Verði hjarta Helgafellshverfisins

„Helgafellsskóli er dæmi um mjög vel heppnaða opinbera framkvæmd. Um er að ræða fallega, nútímalega skólabyggingu sem uppfyllir viðmið okkar um umgjörð skóla- og frístundastarfs barna. Áherslur í skólastarfinu eru meðal annars teymiskennsla og útikennsla.

Þá er skólinn jafnframt hannaður með það í huga að geta gegnt hlutverki menningarmiðstöðvar hverfisins og hefur að mínu mati alla burði til að verða sannkallað hjarta hverfisins innan skamms. Lykillinn að farsælu verkefni sem þessu er að undirbúningur, hönnun og framkvæmd öll hefur verið til fyrirmyndar og ráðgjöfum okkar, verktökum og þeim starfsmönnum Mosfellsbæjar sem að verkefninu hafa komið til staks sóma.

Það hefur verið mjög ánægjulegt, síðustu misserin, að sjá hvert rýmið á fætur öðru taka á sig mynd þar sem hugmyndir verða að veruleika. Í þessum nýjasta skóla okkar Mosfellinga er margt nýmæla eins og sérhönnuð árgangasvæði, sérstök rými til tónlistarkennslu, mögnuð hljóðvist sem styður einkar vel við samkennslu og gott vinnurými almennt séð," segir Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar.

## KIRKJUSTARFIÐ




### HELGIHALD NÆSTU VIKNA

**Sunnudagurinn 29. ágúst**
Guðsþjónusta kl. 11 í Lágafellskirkju.
Sr. Ragnheiður leiðir.

**Sunnudagurinn 5. september**
- upphaf barna- og unglingastarfsins.
Fjölskylduguðsþjónusta kl. 13 í Lágafellskirkju. Umsjón: Sr. Arndís, Bogi æskulýðsfulltrúi og leiðtogar.

**Sunnudagurinn 12. september**
Guðsþjónusta kl. 11 í Mosfellskirkju.
Sr. Ragnheiður leiðir.

**Sunnudagaskólinn í Lágafellskirkju kl. 13 í vetur**
Hefst sunnudaginn 5. september kl. 13 í Lágafellskirkju og verður alla sunnudaga í vetur.

www.lagafellskirkja.is & lagafellskirkja á samfélagsmiðlunum facebook & instagram

**Fyrirbænastundir - nú í hádeginu á þriðjudögum**
Bænastundirnar verða í vetur á nýjum tíma, á þriðjudögum kl. 12 í Lágafellskirkju. Kirkjan opin til bæna og hugleiðslu.

**Kyrrðarbænastundir**
Á þriðjudögum í Mosfellskirkju kl. 17.30. Byrjendur mæti kl. 17.15.

**Æskulýðsfélagið ósoM fyrir 8.-10. bekk**
Hefst þriðjudaginn 7. september kl. 20 - 21.30 í safnaðarheimilinu, Þverholti 3.








VERÐ HLAÐINN AUKABÚNAÐI FRÁ

**6.499.000 KR.***

*SVARTUR LIMITED. AÐRIR LITIR 6.662.000

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á **JEEP.IS**

- STÆRRI VÉL 240 HÖ
- 360° MYNDAVÉL
- LÁGT DRIF
- LEÐURSÆTI OG MÆLABORÐ
- SNERTILAUS OPNUN AFTURHLERA
- FJARLÆGÐARSTILLTUR HRAÐASTILLIR

ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18



## Fellahringurinn haldinn í fjórða sinn

Fellahringurinn verður haldinn í kvöld, 26. ágúst kl. 19. Hjólað er um stíga og slóða umhverfis fellin í Mosfellsbæ. Boðið er upp á tvo mögulega hringi, litla 15 km og stóra 30 km. Í ár verður í fyrsta skipti boðið upp á sérstakan flokk fyrir rafmagnshjól. Verðlaun eru veitt í aldursflokkum og vegleg útdráttarverðlaun, m.a. glæsilegt fjallahjól frá GÁP. „Fellahringurinn er nú haldinn í fjórða skipti. Í fyrra þurfti að aflýsa út af Covid-19 en í ár ætlum við að hjóla og fara eftir ýtrustu sóttvörnum. Eins metra regla og gríma þar sem það á við og ekki verður hægt að bjóða upp á súpu og grill eftir keppni. Ræsing í hólfum samkvæmt flokkum og áætluðum lokatíma þátttakanda.“

## Bakleikfimi í boði á Reykjalundi

Þann 6. september mun haustönn hjá Heilsurækt Reykjalundar hefjast. Boðið er upp á fjölmarga vatnsleikfimihópa og karlaleikfimi undir handleiðslu reyndra sjúkra- og heilsuþjálfara. Í vetur verður auk þess boðið upp á nýjan hóp, Bakleikfimi. Bakleikfimi Reykjalundar er sniðin að þeim sem glíma við bak- og/eða mjaðmagrindarverki. Námskeiðið er undir handleiðslu tveggja sjúkraþjálfara, Heru Rutar Hólmarsdóttur og Ástu Kristínar Gunnarsdóttur, sem hafa víða þekkingu á stoðkerfisvandamálum og hvað þarf til að bæta vellíðan og draga úr verkjum. Takmarkaður fjöldi er tekinn inn í hvert námskeið til að hægt sé að hafa sem besta yfirsýn yfir hvern og einn þátttakanda. Hægt er að skrá sig á námskeið Heilsuræktar Reykjalundar í gegnum vefverslun á heimsíðu Reykjalundar www.reykjalundur.is og þar eru einnig upplýsingar um tímasetningar. Skráning fer einnig fram í móttöku Reykjalundar. Á myndinni má sjá Heru Rut sjúkraþjálfara, annan leiðbeinanda í bakleikfimi á Reykjalundi.



*Fjölbreytt dagskrá á Barion • Halda sína eigin bæjarhátíð*

# Hátíðardagskrá á Barion alla helgina

Barion heldur sínu striki þrátt fyrir aflýsta bæjarhátíð og blæs til mikillar veislu um helgina á hverfisstaðnum.

Dagskráin hefst á fimmtudagskvöldið þegar „hátíðar-bingó“ verður spilað en bingókvöldin á Barion eru löngu orðin landsþekkt enda til mikils að vinna. Á föstudagskvöldið er það CCR-bandið sem heiðrar hina mögnuðu sveit Creedence Clearwater Revival. Bandið er skipað Huldumönnunum og fyrrum Gildrufélögunum Birgi Haraldssyni og Sigurgeiri Sigmundssyni ásamt Bigga Nielsen, Inga B. Óskars og Jóhanni Ingva.

Á laugardagskvöldið er það sjálfur Herbert Guðmundsson sem mun trylla lýðinn. Hann hefur verið afkastamikill í íslensku tónlistarlífi frá árinu 1970.

Á sunnudagskvöldið eru það svo stelpurnar í Ylju sem loka helginni með ljúfum tónum. Það eru þær Guðný Gígja Skjaldardóttir og Bjartey Sveinsdóttir sem skipa dúettinn sem kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 2008. Ljúfir tónar í lok hátíðarhelgar á Barion.

### Skráning fyrirfram á viðburði

Ljóst er að færri komast að en vilja, enda glæsileg dagskrá undir ströngum skilyrðum. Að sjálfsögðu er farið eftir öllum þeim takmörkunum sem eru í gildi og vel hugað að sóttvörnum.

Gestir geta tryggt sér sæti fyrirfram á Barion.is og auðveldar það líka við skráningu gesta á viðburðina samkvæmt reglum yfirvalda.

Þá var nýlega tekið í notkun útisvæði á bak við Barion í Þverholtinu sem hefur komið sér vel í sumar og áfram meðan sólin lætur sjá sig.


CCR-BANDIÐ


HERBERT


YLJA


HAUÐUR, ALDÍS OG HAFBERG


DANSSÝNING Í GRÓÐURHÚSINU


HAFBERG ÞÓRISSON EIGANDI LAMBHAGA ÁSAMT KARLAKÓR KJALNESINGA

*Glæsilegt 7.000 fm hátæknigróðurhús formlega opnað*

# Opnun Lambhaga í Lundi í Mosfellsdal

Slegið var til veglegrar veislu í Lundi í sumar í tilefni þess að Lambhagi hefur hafið þar framleiðslu. Lambhagi er stærsti framleiðandi og seljandi á fersku salati og kryddjurtum á landinu og er nú búið að reisa einn þriðja af stöðinni í Mosfellsdal.


GLATT Á HJALLA


ÁMUNDI, HAFBERG OG LOVÍSA


ÓPERUSÖNGVARAR STIGU Á STOKK


# LÍFIÐ Í FJÖRUNNI

Hið íslenska náttúrufræðifélag og Mosfellsbær bjóða upp á fræðslugöngu um Blikastaðakró sunnudaginn 5. september.

Lagt er af stað frá bílastæði neðst við Barðastaði kl. 10. Frá Korpúlfsstaðarvegi er beygt niður Barðastaði og veginum fylgt beint niður að sjó. Bílastæðið má finna þar á vinstri hönd.

*Gangan er ekki erfið. Miðað er við að hún taki um tvær klst.*



**ALLIR VELKOMNIR**
börn og fullorðnir

MOSFELLSBÆR

# ALLT FYRIR GÓÐA HELGI!
# VELKOMIN Í NETTÓ SUNNUKRIKA

**TILBOÐ GILDA 26. – 29. ÁGÚST**



## GRÍSALÆRI
**PURUSTEIK**

KJÖTBORÐ

**50% AFSLÁTTUR**

**748 KR/KG**
**ÁÐUR:** 1.495 KR/KG



KJÖTBORÐ

**30% AFSLÁTTUR**

**Grillpakki**
Lambakjöt, blandaður
**1.749 KR/KG**
**ÁÐUR:** 2.499 KR/KG



**20% AFSLÁTTUR**

**Hamborgarar**
4x90 g - m/brauði
KJÖTSEL
**798 KR/PK**
**ÁÐUR:** 998 KR/PK



**GOTT VERÐ!**

KJÖTBORÐ

**Lambahrygur**
Hálfur - rifjamegin
**2.699 KR/KG**
**ÁÐUR:** 2.999 KR/KG



Heilsuvara vikunnar!

**25% AFSLÁTTUR**

**Macadamia hnetur**
Now - 255 g
**1.699 KR/PK**
**ÁÐUR:** 2.269 KR/PK



KJÖTSEL

**30% AFSLÁTTUR**

**Tvenna, kjúklingalæri**
Úrbeinuð og marineruð
**1.749 KR/KG**
**ÁÐUR:** 2.499 KR/KG



**20% AFSLÁTTUR**

**Sætkartöflusalat,**
**Kartöflusalat m/beikoni**
350 g
KJÖTSEL
**429 KR/PK**
**ÁÐUR:** 539 KR/PK



**20% AFSLÁTTUR**

**Trufflu marínering**
150 ml
KJÖTBORÐ
**447 KR/PK**
**ÁÐUR:** 559 KR/PK

**Appelsínur**
**139 KR/KG**
**ÁÐUR:** 278 KR/KG

**50% AFSLÁTTUR**



nettó
Lægra verð – léttari innkaup



**FÁÐU BETRA VERÐ MEÐ SAMKAUP Í SÍMANUM**

Náðu í appið og safnaðu inneign.

Þú getur notað Samkaupa-appið í öllum Nettó verslunum.

*Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.*



## Kaffi Kjós lokar eftir 23 ára rekstur

Kaffi Kjós, þjónustumiðstöð sem staðsett er í suðurhlíðum Meðalfells, verður nú lokað. Hjónin Hermann Ingólfsson og Birna Einarsdóttir á Hjalla hafa staðið vaktina í 23 ár. Nú hefur verið skellt í lás og er staðurinn til sölu. Árið 1998 fluttu þau hjónin lítið hús upp í Kjós og skírðu það Kaffi Kjós. Fljótlega var byrjað að selja kaffibolla og súkkulaðistykki og hefur starfsemin heldur betur eflst með árunum. Veitingasala og verslun hefur verið starfrækt á staðnum og áhersla lögð á heimilislegt umhverfi. Þá hafa farið þar fram fjöldi viðburða sem bæði Kjósverjar, sumarbústaðaeigendur og aðrir gestir hafa notið í gegnum árin. Þá er tjaldsvæði á svæðinu auk hlöðu sem innréttuð hefur verið fyrir mannfögnuði í sveitinni. Kaffi Kjós er nú til sölu en ljóst er að mikill söknuður verður af þjónustulund þeirra hjóna Hermanns og Birnu eftir öll þessi ár.



INGÓLFUR, LENGST TIL VINSTRI, ÁSAMT GLÆSILEGUM HÓPI

*Þriðji flokkur hleypur fyrir Einstök börn • Ingólfur Orri þjálfari hleypur heilt maraþon*

# Hlaupa í minningu Þorsteins Atla

Fótboltastelpurnar í 3. flokki Aftureldingar ætluðu að hlaupa 10 km í Reykjavíkurmaraþoninu til styrktar Einstökum börnum.

Málefnið er þeim kært, þær hlaupa í minningu Þorsteins Atla Gústafssonar sem lést í júlí síðastliðnum en eldri bróðir hans, Ingólfur Orri, er þjálfari flokksins. „Við ætlum að halda okkar striki og hlaupa hér í Mosó laugardaginn 18. september. Þetta er dásamlegur hópur að þjálfa. Þær eru fyrirmyndir innan sem utan vallar og við þjálfararnir erum gríðarlega stoltir af þeim.

Þetta hlaup er algerlega skipulagt og ákveðið af þeim. Þær eru að leggja mikið á sig að æfa svo þær geti hlaupið þetta,“ segir Ingólfur Orri. „Stelpurnar ætla að hlaupa einn hring eða 10 km en ég ætla að hlaupa fjóra hringi eða heilt maraþon sem eru 42 km. Við hvetjum alla til að koma og hlaupa með okkur þá vegalengd sem passar hverjum og einum.“

Hægt er að heita á hópinn „Minningarhlaup Þorsteins Atla“ á www.hlaupastyrkur.is.

## ELDRI BORGARAR • ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN EIRHÖMRUM • FRAM UNDAN Í STARFINU



### Listmálunarnámskeið

***hefst 30. sept. 2021***

Boðið verður upp á átta skipta námskeið í málun með akríl/olíulitum. Námskeiðið er ætlað byrjendum og líka þeim sem lengra eru komnir. Fólk mætir með sína striga, liti (olíu- eða akríl) og pensla, en trönur og litir til að bjarga sér eru á staðnum. Námskeiðið hefst fimmtudaginn 30. sept. kl: 12.30-15.30. Leiðbeinandi er Hannes Valgeirsson kennari, myndlistarmaður og málarameistari. Verð 24.000 kr.

Skráningar er krafist, því aðeins komast 8-10 manns að í handverksstofunni, í síma 586-8014/698-0090 milli kl: 11-16 eða á elvab@mos.is

### Viltu koma og mála postulín með okkur

Postulínshópur verður stofnaður eftir miðjan september (nánar auglýst síðar). Ekki er um formlegt námskeið að ræða heldur samveru og samvinnu þeirra sem hafa áhuga á að mála á postulín. Hægt er að brenna á staðum gegn vægu gjaldi. Áætlað er að hópurinn muni hittast vikulega kl: 11.30 þriðjudaga aðra vikuna og fimmtudaga hina vikuna. Hámark átta manns í hóp. Ef þú hefur áhuga á að vera með hafðu þá samband við okkur í félagsstarfinu, skráðu þig á blað í handverksstofunni eða í síma 586-8014/698-0090 milli kl: 11-16 eða á elvab@mos.is

P.S. Ef þið lumið á gömlum postulínslitum, sem þið eruð hætt að nota, þá þiggjum við þá með þökkum.

### Leikfimi fyrir eldri borgara

Byrjaði fimmtudaginn 19. ágúst. Kennari er Karin Mattson og verða tveir hópar.

***Hópur 1*** kl. 10.45, áhersla á aðeins léttari leikfimi, hentar vel veikburða fólki og fólki með grindur

***Hópur 2*** kl. 11.15, almenn leikfimi, fyrir þá sem eru í ágætis formi.

Leikfimin er gjaldfrjáls og er liður í því að búa í Heilsueflandi samfélagi Mosafellsbæ. Kennt er í leikfimisalnum á Eirhömrum. Öllum er velkomið að mæta og vonum við svo sannarlega að fólk nýti sér leikfimina.

***Minnum á sóttvarnarreglur, grímuskyldu ef ekki er hægt að uppfylla eins metra regluna.***

### Basar hjálp!!!

Nú styttist óðum í okkar árlega basar og vantar okkur alltaf fleiri sokka og vettlinga af öllum stærðum og gerðum til að selja á basarnum okkar



sem verður haldinn í nóvember. Værum við afar þakklát ef þið sæjuð ykkur fært að prjóna eða hekla fyrir okkur, í raun hvað sem er. Allt garn getið þið fengið í handverksstofunni ókeypis en að sjálfsögðu þiggjum við alla muni enda málefnið brýnt, því allur ágóður rennur óskiptur til samfélagsins í Mosfellsbæ og fer ágóðinn á góða staði.

*Kærleikskveðja, Basarnefndin*

### Gler/leir námskeið

Sívinsælu gler-/leir námskeið Fríðu byrja aftur um miðjan september. Kennari er Fríða Sigurðardóttir sem hefur í mörg ár kennt gler-/leirvinnslu hjá eldri borgurum. Endilega skráið ykkur í síma 586-8014/698-0090 eða á elvab@mos.is

Áætlað er að Gaman saman og öll leikfimi og önnur hefbundin dagskrá byrji í september en það verður allt auglýst vel. Minnum á að enn eru í gildi sóttvarnarreglur sem kveða á um grímuskyldu ef ekki næst að tryggja eins metra fjarlægð. Munum sprittið.



**Skrifstofa félagsstarfsins** er opin alla virka daga kl. 13–16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er *Elva Björg Pálsdóttir* tómstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

**Skrifstofa FaMos** á Eirhömrum er opin alla fimmtudaga frá kl. 15–16.

**FÉLAG ALDRAÐRA**
**í Mosfellsbæ og nágrenni**
*famos@famos.is*
*www.famos.is*

**STJÓRN FAMOS**

**Ingólfur Hrólfsson** formaður
s. 855 2085 *ihhj@simnet.is*

**Úlfhildur Geirsdóttir** varaformaður
s. 896 5700 *bruarholl@simnet.is*

**Margrét Ólafsdóttir** gjaldkeri
s. 863 3359 *margretjako@gmail.com*

**Snjólaug Sigurðardóttir** ritari
s. 897 4734 *snjolaugsig@simnet.is*

**Kristbjörg Steingrímsdóttir** meðstjórnandi
s. 898 3947 *krist2910@gmail.is*

**Jóhanna B. Magnúsdóttir** 1. varamaður
s. 899 0378 *hanna@smart.is*

**Þorsteinn Birgisson** 2. varamaður
s. 898 8578 *thorsteinn.birgis@gmail.com*

XF

# FÓLKIÐ FYRST

## SVO ALLT HITT

- **Nýtt almannatryggingakerfi** sem tryggir lágmarksframfærslu.
- Skattleysismörk hækkuð í **350þ kr per mánuð.**
- **Verðtrygging** á húsnæðislánum afnumin.
- Fullt verð fyrir aðgang að **sjávarauðlindinni.**
- Öldruðum tryggt **áhyggjulaust** ævikvöld.



Jónína Björk Óskarsdóttir
2. sæti í Suðvesturkjördæmi

Guðmundur Ingi Kristinsson
Oddviti í Suðvesturkjördæmi

Flokkur Fólksins

X-F flokkurfolksins.is

BAUHAUS

bauhaus.is

# Litrík Hans Grohe gæði á betra verði!



## Sturtusett S240
Vatnsflæði 18 lítrar á mínutu. Stillanleg veggfesting. 24 cm. höfuðúðari.

**59.995.-**

~~74.895.-~~

KYNNING



**HG handlaugartæki, matt svart**
Botnventill fylgir.

**29.995.-**

~~33.995.-~~



**HG eldhústæki, matt svart**
Útdraganlegur krani

**59.995.-**

~~64.995.-~~

hansgrohe



**HG handlaugartæki, gyllt**
Botnventill fylgir

**34.995.-**



**HG eldhústæki matt svart**

**48.995.-**



**HG handl. tæki króm**
Botnventill fylgir.

**14.995.-**



**HG handlaugartæki, burstað svart**
Botnventill fylgir.

**35.995.-**



**HG eldhústæki matt svart**

**41.995.-**



**HG sturtu bl.tæki króm**
Hjámiðjur seldar sér.

**14.995.-**

MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

MÁNUDAGA-FÖSTUDAGA KL.08:00-19:00
LAUGARDAGA KL.10:00-18:00
SUNNU- OG HELGIDAGA KL.10:00-18:00

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800
upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

BAUHAUS
VIÐ JÖFNUM VERÐIÐ
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á BAUHAUS.IS




# Vegghengt salernissett frá LAUFEN!
## Skolhnappur í lit að eigin vali!




**Vatnskassi**
Innbyggður. 112 cm. Hljóðlátur.
Skolhnappur er seldur sér.

**26.995.-**

**Veggh. salerni**
Með hæglokandi setu og quick release. Án skolbrúnar. Þrifvænlegt.

**37.995.-**



**Hvítt glans**
4.995.-



**Króm**
6.495.-



**Svartur**
11.995.-

SCAN ME

KYNNING

**Verð frá:**

# 69.985.-

LAUFEN



**Laufen Kompas salerni**
Salerni með s-lás í gólf.
Tvöfaldur vatnskassi, án skolbrúnar. Seta selst sér.

**42.995.-**

Salernisseta með hæglokun og quick release. Verð:

**10.995.-**



**LAUFEN Arte LED Spegill 120 cm.**
Fæst í breiddum 60, 90 og 120 cm.
Hæð 65 cm.

**40.995.-**

Mosfellsbær

# Leirvogstunguhverfi

## Deiliskipulagsbreyting

## - endurskoðun og stækkanir lóða



**Mosfellsbær auglýsir hér með breytingu deiliskipulags, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, í samræmi við samþykkt bæjarráðs 15. júní 2021.**

Breytingin felur í sér endurndurskoðun á hverfinu með það að markmiði að lagfæra stígakerfi eldra skipulags og aðlaga það landfræðilegum aðstæðum, svo sem vegna hæðamismunar í landi. Einnig bætast við stígatengingar úr botnlöngum Laxatungu. Í flestum botnlöngum við Vogatungu og Kvíslartungu er gert ráð fyrir snúningshausum til að bæta aðgengi. Tillagan sýnir einnig viðbótarlóðir/lóðastækkanir þar sem aðstæður leyfa. Sérstakir skilmálar settir um stækkanir sem nýta má sem garða.

Einnig bætast við almennir skilmálar um frágang á lóðarmörkum, girðingar, veggi og gróður. Þetta á við um allar lóðir í hverfinu.

Tillagan og greinargerð er aðgengileg á vef Mosfellsbæjar og á Upplýsingatorgi, Þverholti 2 svo þeir sem vilja get kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar, ásamt helstu upplýsingum um sendanda, og senda skal þær til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbær, eða í tölvupósti á skipulag@mos.is.

Vegna aðstæðna og sóttvarna verður útbúin rafræn kynning skipulagsins, í samræmi við 5.6.1. gr. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, og hún birt á vef Mosfellsbæjar þann 2. september 2021. Spurningar fyrir kynningu má senda á skipulag@mos.is og verður þeim svarað.

**Athugasemdafrestur er frá 26. ágúst til og með 10. október 2021.**

Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar

Þverholt 2 I Mosfellsbær 270 I Sími 525 6700 I mos.is

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA




**Úti- og inni-skreytingar!**

**Lyftum okkur upp!**

**Garðpartý!** **Heimaveisla!**

www.partybudin.is

PARTÝBÚÐIN

**Faxafeni 11 • Sími 534 0534**





Davíð Ólafsson lög. fast.
david@fastborg.is

**ÉG GEF MÉR TÍMA FYRIR ÞIG!**

*- fagleg og persónuleg þjónusta*

**HRINGDU Í 897-1533**

BORG
FASTEIGNASALA




Mosfellsbær

## Laus störf í Mosfellsbæ

**Mosfellsbær hefur tekið í gagnið nýjan ráðningarvef.**

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ og stofnunum má sjá og sækja um á nýjum ráðningarvef:

**www.mos.is/storf**

Þverholt 2 I Mosfellsbær 270 I Sími 525 6700 I mos.is

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA



ALLT
FASTEIGNASALA

# ALLT ER NÚ Í MOSFELLSBÆ

## Velkomin til ALLT fasteignasölu í Mosfellsbæ

Þessa dagana er rífandi sala á fasteignum á landsvísu. Síðastliðinn mars voru gefnir út 1.488 kaupsamningar um íbúðarhúsnæði samkvæmt tölum frá Þjóðskrá Íslands. Ekki hafa fleiri viðskipti átt sér stað í stökum mánuði frá upphafi mælinga eða frá árinu 2006. **Núna er góður tími til að selja.** Við leggjum áherslu á ánægju bæði kaupanda og seljanda og sýnum öryggi og nákvæmni í öllum vinnubrögðum. Við látum hlutina ganga upp.



**ALLT er að Þverholti 2**

ALLT
FASTEIGNASALA

ALLT fasteignasala er staðsett á fjórum stöðum, á Stór-Reykjavíkursvæðinu í Mosfellsbæ, Reykjanesbæ, Grindavík og Vestmannaeyjum ásamt því að reka Sólareignir sem er sala á eignum erlendis. Fasteignasalan leggur metnað sinn í að koma á móts við viðskiptavini ásamt því að vera hágæða fasteignasala.

Sími 560-5505
allt@allt.is, allt.is

# Íþróttafjörið

## skólaárið 2021/2022

### Skemmtilegt og gefandi hlutastarf:

„Góður grunnur gerir alla framtíð skemmtilegri“

**Óskað er eftir tveimur aðilum til að vera með í mikilvægu forvarnarstarfi mest allt skólaárið.**

Veist þú um einhvern sem er barngóður, þekkir til í ýmsum íþróttum, er 18 ára eða eldri og er til í að byggja upp framtíð?

*... ert það kannski þú?*



- Vinnutíminn er á milli kl. 14 til 15.30 í Íþróttamiðstöðvum Mosfellsbæjar.
- Þetta er „Íþróttafjörið“ fyrir fyrsta og annan bekk allra skóla.
- Hópur úr hverjum skóla kemur til okkar á hverjum degi (nema föstudaga). Þeim er skipt í þrjá minni hópa á staðnum. Stutt kynning og heilræði fer fram og síðan er prufuð einhver íþrótt eða tómstund sem stunduð er hér í bæ.
- Íþróttafjörið byrjar í október n.k. og fylgir að mestu skóladagatali út skólaárið.

*Ef áhugi er fyrir hendi, máttu hafa samband við Hlyn í síma 699-3456 eða hlygson@gmail.com næstu daga og fá frekari upplýsingar.*

# STARFSMAÐUR Í BÚSETUEININGU

Sambýlið Vesturhlíð, Skálahlíð 11, leitar að öflugum og framsæknum starfsmanni. Vinnutími er frá kl. 8 til 13 virka daga.Um er að ræða fjölbreytt starf þar sem þjónustan er einstaklingsmiðuð og þjónustuáætlunum íbúa er fylgt eftir í daglegu lífi, jafnt utan heimils sem innan. Starfsmenn eru fyrirmyndir í starfi sínu og taka þátt í daglegu lífi íbúa. Við störfum samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**

- Áhugi á málefnum fatlaðs fólks
- Þjónustulund og jákvæðni í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Framtakssemi og samviskusemi
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður í starfi
- Hreint sakavottorð
- Aldursskilyði 20 ár
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði

*Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt nokkrum orðum um af hverju þú telur þig hæfa/n í starfið. Umsóknir sendist á netfangið vesturhlid@skalatun.is. Nánari upplýsingar um starfið veitir Ragnheiður Hansen, deildarstjóri, vesturhlid@skalatun.is*

***Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Skálatúns og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.***





*Í túninu* HEIMA

BÆJARHÁTÍÐ MOSFELLSBÆJAR Í TÚNINU HEIMA 2021

## ENGIN FORMLEG DAGSKRÁ Á VEGUM MOSFELLSBÆJAR

# Sjáumst að ári!

**Í túninu heima er árleg bæjarhátíð Mosfellsbæjar sem haldin er síðustu helgina í ágúst. Hátíðin stendur venjulega í fjóra daga með viðburðum um allan bæ.**

Í ljósi gildandi samkomutakmarkana verður ekki um formleg hátíðarhöld að ræða á vegum Mosfellsbæjar þetta árið og vill bæjarfélagið þannig sýna ábyrgð í verki.

**Minni viðburðir sem rúmast innan samkomutakmarkana geta hins vegar átt sér stað á ábyrgð þeirra sem halda þá.**

Mosfellingar eru hvattir til að huga að sínu fólki og eiga góðar samverustundir og halda í þær fjölskyldu- og vinahefðir sem skapast hafa í gegnum tíðina.

Mosfellsbær




# Hlaupum saman

## Sjóvá Kvennahlaup ÍSÍ 2021

**FRJÁLSÍÞRÓTTAVÖLLURINN AÐ VARMÁ**
**LAUGARDAGINN 11. SEPTEMBER KL. 11**

- Völlurinn opnar kl. 9:00
- Upphitun kl. 10.45 • Hlaupið hefst kl. 11:00
- Miðasala og bolasala fer fram í Lágafellslaug 9. og 10. sept kl. 16-19.
- Fullorðnir: 1.500 kr. (4.000 kr. með bol)
- 12 ára og yngri: 500 kr. (1.500 kr. með bol)
- Næg bílastæði við íþróttamiðstöðina að Varmá, Hlégarð og Brúarland.
- Mætum tímanlega • Veldu þér vegalengd og njóttu þess að hlaupa eða ganga á þínum hraða í góðum félagsskap.







0 500m 1 km

SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ | 2021

# Sjóvá Kvennahlaup ÍSÍ í Mosfellsbæ




## LAUGARDAGINN 11. SEPTEMBER

900 m

3 km

5 km

7 km

**MIÐASALA**

Bolasala fer fram í Lágafellslaug fimmtudaginn 9. sept og föstudaginn 10. sept. kl. 16-19


Fasteignasala Mosfellsbæjar

Dalsgarður – við gerum rósir

HEILSUEFLANDI samfélag

Jeep® THERE'S ONLY ONE

MOSFELLSBÆR




*Höfðinglegar gjafir frá Samtökum lungnasjúklinga og Sjálfsvörn • Vinnustólar, lífsmarkamælir og seglyftari*

# Gjafir færðar Reykjalundi í sumar

Nú í sumar hefur Reykjalundur tekið á móti tveimur höfðinglegum gjöfum.

Annars vegar voru það Samtök lungnasjúklinga Reykjalundi sem færðu tvo vandaða vinnustóla og lífsmarkamæli. Stólarnir eru með stillanlegum örmum, baki og setu. Stólarnir auka öryggi þeirra sem í þeim sitja og létta daglegt líf þeirra. Lífsmarkamælirinn mælir púls, mettun, blóðþrýsting og öndunartíðni. Hann er af fullkomnustu gerð og mikilvægur til að fylgjast með lífsmörkum svo hægt sé að meta hvort eigi að þyngja eða létta álag við þjálfun sjúklinga.

Hins vegar var það Sjálfsvörn, Reykjalundardeild SÍBS, sem gaf Reykjalundi Nova Care Prolift segllyftara með vigt, til að lyfta, flytja og vigta fólk. Gjöfin er að verðmæti um 700 þúsund krónur.

Meðfylgjandi myndir eru af stjórn Samtaka lungnasjúklinga, fulltrúum Sjálfsvarnar og nokkrum starfsmönnum Reykjalundar en þær voru teknar við formlegar afhendingar gjafanna.

Stjórnendur og starfsfólk Reykjalundar senda Samtökum lungnasjúklinga og Sjálfsvörn sínar bestu þakkarkveðjur og þakka fyrir hlýhug í garð Reykjalundar.


Mosfellsbær

**ÓSKUM EFTIR TILNEFNINGUM TIL JAFNRÉTTISVIÐURKENNINGAR**

Lýðræðis- og mannréttindanefnd Mosfellsbæjar óskar eftir tilnefningum til jafnréttisviðurkenningar Mosfellsbæjar fyrir árið 2021. Tilgangurinn er að veita viðurkenningu fyrir vel unnin störf að jafnréttismálum í samræmi við jafnréttisáætlun Mosfellsbæjar.

Til að eiga möguleika á að hljóta jafnréttisviðurkenningu Mosfellsbæjar árið 2021, þarf:

1. Einstaklingur að hafa skarað framúr í vinnu að jafnréttismálum.
2. Fyrirtæki, stofnun eða félag að hafa:
a) Sérstaka stefnu eða áætlun í jafnréttismálum.
b) Unnið í því að afnema staðalímyndir kynjanna.
c) Sett sér aðgerðaráætlun sem tæki til að vinna að framgangi jafnréttis kvenna og karla.
d) Gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir kynbundið- eða kynferðislega áreitni á vinnustað.
e) Veitt starfsmönnum fræðslu um jafnréttismál.

Við hvetjum ykkur til að fara inn á mos.is/jafnretti og senda tilnefningar ásamt rökstuðningi fyrir 2. september 2021.

Útnefning lýðræðis- og mannréttindanefndar verður kynnt á Jafnréttisdegi Mosfellsbæjar, sem haldinn verður hátíðlegur þann 16. september n.k.

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA






# Frístundaávísun Mosfellsbæjar

**Mosfellsbær styrkir, eins og fyrri ár, frístundaiðkun allra barna og unglinga á aldrinum 5-18 ára, með lögheimili í Mosfellsbæ, með fjárframlagi á móti kostnaði við frístundaiðkun sem varir í 10 vikur eða lengur.**

Markmið þessarar niðurgreiðslu er að hvetja börn og unglinga til að finna sér frístund sem hentar hverjum og einum.

Frístundatímabil nær yfir skólaár og hefst 15. ágúst ár hvert til 31. maí árið eftir.

Allar nánari upplýsingar á www.mos.is

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

Mosfellsbær

# TRÍÓ

## MÁNAÐARINS

EIN STÓR PIZZA

# 1.990 KR.

AÐEINS EF ÞÚ PANTAR Á NETINU EÐA MEÐ APPINU, GREIÐIR FYRIR FRAM OG SÆKIR

PANTAÐ Á
NETINU EÐA
MEÐ APPINU OG
GREITT FYRIR FRAM

STÓR
-PIZZA-

3

ÞRJÁR PIZZUR AF
MATSEÐLI Á SJÓÐ-
HEITU TILBOÐSVERÐI
Í HVERJUM MÁNUÐI

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP

*Í túninu* HEIMA

# HÁTÍÐAR DAGSKRÁ UM HELGINA

## OKKAR EIGIN BÆJARHÁTÍÐ



# Hátíðar BINGÓ

**FIMMTUDAGINN 26. ÁGÚST KL. 21:00**



# CREEDENCE KVÖLD Í MOSÓ

## 27. ÁGÚST KL. 22:00

**FIMM MANNA HLJÓMSVEIT MEÐ BIGGA HARALDS FREMSTAN Í FLOKKI**







# TRYGGÐU ÞÉR SÆTI Á BARION.IS

ÞVERHOLTI 1 | 270 MOSFELLSBÆ | SÍMI 456 4040 | WWW.BARION.IS

BARION MATBAR



Bókasafn Mosfellsbæjar

# Sumarlestur á safninu

Fjöldi barna tók þátt í lestrarátaki Bókasafnsins yfir sumartímann. Í ár voru 335 börn skráð í sumarlestur sem er töluverð aukning frá síðustu árum.

Þátttakendur voru heldur betur duglegir að lesa í sumar, happdrættiskassinn góði í barnadeildinni fylltist af bókaumsögnum í hverri viku og lestrartréð sem skaut rótum á safninu í sumar er í miklum blóma. Þessum glæsta árangri var fagnað með uppskeruhátíð 21. ágúst síðastliðinn.

Gunnar Helgason rithöfundur kom í heimsókn á safnið og las upp úr tveimur nýjum bókum; „Palli Playstation“ og væntanlegri bók „Drottningin sem kunni allt nema...“. Eftir stórskemmtilegan upplestur og spjall við Gunnar héldu gestir heim á leið með ís.

Listasalur Mosfellsbæjar

# Hvetjandi Síðsumarstemming í Listasalnum

Myndlistarhópurinn MOSI opnaði 6. ágúst sl. samsýninguna Síðsumarstemming.

MOSI er öflugur flokkur frístundamálara, flestir Mosfellingar, sem hittist einu sinni í viku á vinnustofu sinni í Fjölbrautaskóla Mosfellsbæjar til að mála saman. Í MOSA eru 15 manns og eiga 12 þeirra verk á þessari fjórðu samsýningu hópsins.

Myndefnið er af ýmsum toga, frá fjöllum og hröfnum til eggja í skaftpotti og tónlistarmannsins Bryan Ferry. Þetta er litrík og fjörleg sýning sem hefur verið vel sótt og vakið jákvæð viðbrögð. Gestir sýningarinnar tala gjarnan um að dusta rykið af gömlum draumi og byrja að mála. Það virðist því vera að Síðsumarstemming hafi hvetjandi áhrif á sýningargesti sem gleður okkur í Listasal Mosfellsbæjar. Kannski er einmitt núna rétti tíminn til að byrja að mála.

Síðasti sýningardagur er 3. september. Opið er á virkum dögum kl. 12-18 og á laugardögum kl. 12-16.










# HALLÓ HAUST

**SPENNANDI VIÐBURÐIR Í KEILUHÖLLINNI Í HAUST**

Fylgstu með dagskránni á Facebooksíðu Keiluhallarinnar. facebook.com/keiluhollin

**Bókaðu borð tímanlega á keiluhollin@keiluhollin.is**



















NÚ GETUR ÞÚ BÓKAÐ BRAUT Á NETINU
keiluhollin.is

Keiluhöllin EGILSHÖLL

s. 5 11 53 00

**Helga Jónsdóttir** *er stolt af því að hafa tekið þátt í uppbyggingu Bókasafns Mosfellsbæjar í hátt í 40 ár*

# Úr holu í höll



**Árið 1890 komu nítján Mosfellingar saman við hamarinn hjá Seljadalsá við Hafravatn. Þar stofnuðu þeir Lestrarfélag Lágafellssóknar. Í desember 1956 var Lestrarfélagið formlega lagt niður og í samræmi við ný lög var Héraðsbókasafn Kjósarsýslu stofnað.**

**Nafni safnsins var síðan breytt í Bókasafn Mosfellsbæjar 1997 og á 131 ári hefur safnið breyst úr litlu lestrarfélagi í öfluga menningarmiðstöð með fjölbreytta þjónustu, starfsemi og menningartengda viðburði af ýmsu tagi.**

**Helga Jónsdóttir hefur starfað lengi í Bókasafninu eða frá árinu 1983, og þar af 24 ár sem deildarstjóri, en lét af störfum í júlí sl. Hún segir samskipti við gesti í gegnum tíðina hafi verið einstaklega ánægjuleg og gefandi.**


Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURINN
ruth@mosfellingur.is


## HIN HLIÐIN

**Hvað er fegurð?**
Vel samsettur rósavöndur frá Dalsgarði.

**Hvað myndi ævisaga þín heita?**
Helga á Reykjum.

**Hverju myndir þú breyta á Íslandi ef þú ættir þess kost?** Veðrinu.

**Bestu kaup sem þú hefur gert?**
Geri alltaf góð kaup hjá Gudrun Sjödén í Stokkhólmi.

**Við hvaða aðstæður færðu gæsahúð?**
Við að heyra óvænt fyrstu tónana í Stónslaginu Ruby Tuesday.

**Hver kom þér síðast á óvart og hvernig?** Samstarfskonur mínar. Þær bjuggu til blað, eftirlíkingu af Mosfellingi, myndir af mér og greinar, grín og glens!

**Hvað drífur þig áfram?** Það eldsneyti sem er í aðstæðum hverju sinni ásamt slatta af skyldurækni.

**Hvað óttastu mest?**
Slys og náttúruvá.

Helga fæddist á Sólvangi í Hafnarfirði 18. júní 1954. Foreldrar hennar eru þau Málfríður Bjarnadóttir húsfreyja og lyfjafræðingur og Jón Magnús Guðmundsson bóndi, oddviti og hreppstjóri, en hann lést árið 2009

Systkini Helgu eru þau Hilmar f. 1940, Sólveig Ólöf f. 1949, Guðmundur f. 1952, Bjarni Snæbjörn f. 1956, Eyjólfur f. 1960 og Jón Magnús f. 1962.

### Ávallt mannmargt á Reykjum

„Ég er alin upp á Reykjum í Mosfellssveit. Í uppvexti mínum var ávallt mannmargt í heimili á Reykjum. Það voru foreldrarnir og amma Ingibjörg, við systkinin, sumardvalarfólk, innlent og erlent starfsfólk og oft unglingar sem dvöldu hjá okkur í lengri eða skemmri tíma. Það voru alltaf um 20 manns í mat og ég man til dæmis aldrei eftir því að á jólum værum bara við kjarnafjölskyldan.

Ég tók snemma þátt í starfi heima, sérstaklega eftir að fuglasláturhúsið var tekið í notkun 1962. Hitinn og gufan í sláturhúsinu áttu ekki við mig svo ég vann tvö sumur í kálgörðum Ásgeirs frænda míns og líkaði vel.“

### Nesti snætt og lífsins notið

„Það voru krakkar í hverju húsi í Reykjahverfinu, margir þeirra frændfólk. Í minningunni vorum við mikið í útileikjum. Farið var upp í Reykjafjall í berjamó og labbitúra. Svo var tjaldað og buslað í Varmánni, nesti snætt og lífsins notið. Stundum var farið í útreiðartúra, það var ágætt, en hestamennskan náði ekki taki á mér.

Fundið var upp á ýmsu, eins og þegar við frænkurnar opnuðum sjoppu í Daddaskúr. Við seldum popp og Ópal í lausu ásamt fleiru, og fyrir krónu mátti setjast niður og skoða Andrés Önd. Viðskiptavinir gátu líka tekið út í reikning, allt var skilmerkilega skráð í gamla frumbók og í lok sumars var farið milli bæja að rukka inn“, segir Helga og brosir að minningunni.

### Í sveit í Noregi

„Ég var í vorskóla í Brúarlandi 6 ára, og í 7 og 8 ára bekk hjá Klöru Klængsdóttur, þeirri ágætu konu. Ég fór síðan í 9 ára bekk í Varmárskóla og var þar út barnaskólann. Í nokkra áratugi höfum við bekkjarsystrurnar haldið saumaklúbb og njótum þess að vera saman.

Eftir 12 ára bekk fór ég í Kvennaskólann og lauk þaðan landsprófi. Í landsprófi hófust kynni okkar Dunu vinkonu minnar og ég elti hana í Menntaskólann við Tjörnina, sem nú er MS. Lauk þaðan stúdentsprófi 1974. Félagslífið var með ágætum, ekki síst í skólakór MT.

Á unglingsárunum var ég í sveit í Noregi tvö sumur. Þessi tími er mér minnisstæður og var mér mjög mikilvægur.“

### Fyrstu skrefin tekin að heiman

„Sumarið 1973 tókum við að okkur tvær, ég og Þóra vinkona mín, að veita forstöðu Farfuglaheimilinu í Reykjavík. Lítil íbúð fylgdi starfinu og þar með voru fyrstu skrefin tekin að heiman. Þetta var stutt frá skólanum og passaði afar vel fyrir okkur að öllu leyti.

Ég sagði skilið við farfuglana ári síðar, en Þóra er enn í bransanum.“

### Höfu búskap í Svíþjóð

„Í byrjun árs 1975 var ég beðin um að taka að mér dönskukennslu allra bekkja í Gagnfræðaskólanum í Mosfellssveit meðan kennarinn var í fæðingarorlofi. Það er mér afar minnisstæð lífsreynsla og ég er þakklát fyrir hana. Þarna sannfærðist ég um að ég ætti ekkert erindi í kennarastarf.“

Helga kynntist Magnúsi Guðmundssyni, lífsförunaut sínum, í MT en þau voru saman í bekk. Magnús er sagnfræðingur og skjalfræðingur, starfar hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Leið þeirra lá til Svíþjóðar haustið 1975 þar sem þau hófu búskap og stunduðu nám í fjögur ár. Eftir heimkomu hélt skólaganga Helgu áfram og hún lauk cand.mag. prófi í íslenskri málfræði 1983. Helga og Magnús eiga tvo syni, Jón Bjarna f. 1981 og Árna f. 1985. Barnabörnin eru tvö.“



*Fjölskyldan, Magnús, Sigrún Sif, Thelma Dögg, Mariana, Jón Bjarni, Helga Júlíana, Helga, Árni.*

### Skemmtilegt starf

Helga hefur tekið að sér ýmis störf í gegnum tíðina, liðtæk á búinu og í garðyrkjunni, banka, ferðaskrifstofu, auk starfsins á Farfuglaheimilinu. Hún hefur einnig unnið við rannsóknir á máltöku barna og við handrita- og prófarkalestur.

„Snemma árs 1983 bauðst mér starf í Héraðsbókasafni Kjósarsýslu. Þá bjuggum við í nágrenninu svo það hentaði vel. Jón Sævar Baldvinsson var þá tekinn við safninu og hafði komið því haganlega fyrir í rými undir stiga í Gagnfræðaskólanum. Við störfuðum fjögur þarna. Þetta var skemmtilegt starf fannst mér, og gat alveg hugsað mér að halda því áfram.

Eftir að ég hóf störf í safninu nam ég bókasafnsfræði við HÍ.“



HELGA 6 ÁRA



SÍÐASTA AFGREIÐSLAN



Á 100 ÁRA AFMÆLI BÓKASAFNSINS

### Þungamiðja menningar

„Safnið var svo fljótlega flutt í Markholt 2 og árið 1995 á 2. hæð í Kjarna. Þá var Marta Hildur Richter tekin við forstöðu safnsins fyrir nokkru. Við áttum farsælt samstarf í rúm 30 ár.

Aftur varð bylting í húsakosti og búnaði. Tölvuvæðing hafin og ýmsar nýjungar í gangi. Starfsemin blómstraði og varð fljótlega þungamiðja menningar í bæjarfélaginu.

> ***Viðskiptavinir gátu líka tekið út í reikning, allt var skilmerkilega skráð í gamla frumbók og í lok sumars var farið milli bæja að rukka inn.***

Frá því í Gagnfræðaskólanum voru haldnar rithöfundakynningar sem þróuðust í það sem við í dag köllum bókmenntahlaðborð. Starfsfólki fjölgaði og viðburðalistinn lengdist, ekki síst í barnastarfi. Enn urðu þáttaskil þegar við fluttum safnið á torgið í Kjarna og aðstaðan breyttist til muna, ekki síst vegna Listasalar Mosfellsbæjar.“

### Lét sér annt um samstarfið

„Frá 1990 var ég þátttakandi í norrænu vinabæjasamstarfi Mosfellsbæjar, fyrst sem fulltrúi Norræna félagsins í Mosfellsbæ en síðar urðu vinabæjasamskiptin hluti af starfi mínu hjá Mosfellsbæ. Pabbi var mikill áhugamaður um þessi samskipti og það skilaði sér.

Páll Guðjónsson var bæjarstjóri þegar ég hóf störf og lét sér annt um vinabæjasamstarfið. Hann átti stóran þátt í því að blása í það nýju lífi, og Mosfellsbær hefur frá upphafi sinnar þátttöku árið 1977 verið virkur aðili í þessu samstarfi.“

### Safnið í góðum höndum

„Ég er stolt af því að hafa tekið þátt í uppbyggingu Bókasafns Mosfellsbæjar, sem mér finnst vera glæsileg menningarstofnun, allt frá því við vorum undir stiga í Gagnfræðaskólanum og fram til dagsins í dag. Úr holu í höll.

Starfið í Bókasafninu hefur verið afar fjölbreytt í gegnum tíðina og samskipti við gesti mjög ánægjuleg og gefandi. Safnið er í góðum höndum og verkefni mín hafa fengið nýja umsjón. Ég held áhyggjulaus með fjölda nýrra áskorana út í eilífðarfríið,“ segir Helga að lokum og brosir.

*Myndir: Ruth Örnólfsdóttir og úr einkasafni.*




# LAUGARDAGURINN 28. ÁGÚST 2021

**Tindahlaup Mosfellsbæjar verður haldið laugardaginn 28. ágúst 2021.**
**Hlaupið hefst klukkan 9:00 við íþróttasvæðið að Varmá.**
**Ræst verður í þremur ráshópum. 5 og 7 tindar kl 9:00, 3 tindar kl 11:30 og 1 tindur kl 11:00.**

## SKRÁNING

Skráning er til miðnættis miðvikudaginn 25. ágúst á hlaup.is.
Fimmtudaginn 26. ágúst milli kl 16:30 og 20:00 hjá Sportvörum, Dalvegi 32 í Kópavogi.
Föstudaginn 27. ágúst milli kl 17:00 og 20:00 að íþróttamiðstöðinni Varmá í Mosfellsbæ.

## HLAUPAGÖGN

Hlaupagögn verða afhent fimmtudaginn 26. ágúst milli kl 16:30 og 20:00 hjá Sportvörum, Dalvegi 32 í Kópavogi. Frábær kjör af hinum ýmsu vörum frá ON, 2XU o.fl. á staðnum.
Föstudaginn 27. ágúst milli kl 17:00 og 20:00 að íþróttamiðstöðinni Varmá í Mosfellsbæ.

## VERÐLAUN

Verðlaun fyrir fyrstu þrjú sæti karla og kvenna í öllum vegalengdum. Einnig verða glæsileg útdráttarverðlaun fyrir alla keppendur.

## TINDAHÖFÐINGINN

Til að verða Tindahöfðingi þarf hlaupari að hlaupa allar fjórar vegalengdir hlaupsins. Safnaðu tindum og þú færð glæsilega viðurkenningu og sæmdarheitið Tindahöfðingi.

ATH EKKI ER HÆGT AÐ SKRÁ SIG EÐA SÆKJA GÖGN Á KEPPNISDAG

UMFA
BJÖRGUNARSVEITIN KYNDILL MOSFELLSBÆ
HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG Mosfellsbær velliðan fyrir alla

Nánari upplýsingar
https://www.facebook.com/tindahlaup/

**Skannaðu mig**

HLEÐSLA ÍÞRÓTTADRYKKUR
NOW
MOSFELLSBÆR
RUNNING
COACH BIRGIR
HREYSTI
AVA
GATORADE


AFTURELDING Á MIKILLI SIGLINGU

*Þrír leikir eftir í Lengjudeildinni • Frítt á leikinn í kvöld*

# Stelpurnar í toppbaráttu

Aftureldingarstelpurnar hafa átt frábært knattspyrnusumar. Þegar þrjár umferðir eru eftir eru þær í öðru sæti í Lengjudeildinni og eiga góða möguleika á að tryggja sér sæti í Pepsideildinni á næstu leiktíð.

Þær hafa einungis tapað einum leik í sumar. Guðrún Elísabet Björgvinsdóttir er lang markahæst í Lengjudeildinni það sem af er tímabilinu með 21 mark í 14 leikjum. Í kvöld, fimmtudag, taka stelpurnar á móti KR á Fagverksvellinum kl. 18. Við hvetjum Mosfellinga til mæta á völlinn og styðja stelpurnar. Frítt er á völlinn í boði Pálsson & co.


ÍSLANDSMEISTARAR

Íslandsmót golfklúbba 18 ára og yngri fór fram á Akranesi í sumar. Í stúlknaflokki fagnaði Golfklúbbur Mosfellsbæjar (GM) sigri með miklum glæsibrag. Lið GM er þannig skipað: María Eir Guðjónsdóttir, Katrín Sól Davíðsdóttir, Sara Kristinsdóttir, Berglind Erla Baldursdóttir, Eydís Arna Róbertsdóttir. Þjálfari er Davíð Gunnlaugsson.

## Þórður í 9. sæti á Evrópumóti U21

Sex íslenskir keppendur kepptu á Evrópumóti ungmenna sem haldið var í Tampere í Finnlandi 20.-22. ágúst. Þórður og Oddný frá Aftureldingu kepptu bæði í kata.

Bestum árangri náði Þórður sem keppti í kata U21. Hann varð í öðru sæti í sínum riðli í fyrstu umferð en af 35 keppendum komust 16 áfram. Þórður keppti með kata Nipaipo í 1. umferð með miklum styrk og öryggi. Í 2. umferð keppti hann með kata Anan af miklu öryggi og munaði aðeins 0,16 stigum að hann kæmist áfram í 8 manna úrslit, og því varð 9. sætið hans. Þetta er frábær árangur hjá þessum unga og efnilega íþróttamanni að skipa sér í topp 10.

Oddný keppti í kata junior. Hún náði sér ekki á strik að þessu sinni og komst ekki upp úr fyrstu umferð að þessu sinni.


ÞÓRÐUR Í KEPPNISHÖLLINNI

## KFC býður á leik Aftureldingar og Þróttar

KFC býður á leik Afturldingar og Þróttar á Fagverksvellinum næsta laugardag kl. 14. Gott er að mæta tímanlega og tryggja sér sæti en hægt verður að bjóða upp á þann sætafjölda sem sóttvarnarreglur leyfa.

Fimm umferðir eru eftir í Lengjudeild karla þetta tímabilið.


MARKI FAGNAÐ


5. FLOKKUR KVENNA

*Stjórn knattspyrnudeildar Afturelding skrifar:*

# Fótboltinn í Mosó

Síðustu tvö tímabil fara í sögubækurnar, deildin hefur eins og svo margir þurft að vera á tánum og bregast hratt við þeim tilmælum sem hafa verið sett upp hverju sinni, s.s. fjöldatakmarkanir, sóttvarnahólf, hlé á æfingum, sóttkví o.fl.

Þrátt fyrir þetta hefur iðkendum haldið áfram að fjölga og hafa stelpurnar verið að sækja í sig veðrið. Stráka megin hafa flokkarnir einnig stækkað og höfum við ekki séð svona stóra flokka áður. Mikil forréttindi fylgja því að iðkendur sæki til okkar og erum við stolt af okkar flotta þjálfarateymi sem stendur vaktina.

Frá árinu 2016 hefur iðkendum fjölgað um 30% en þrátt fyrir þessa fjölgun erum við eingöngu með einn gervigrasvöll og ½ yfirbyggt æfingarhúsnæði, Fellið. Þetta plássleysi bitnar á gæðum æfinganna t.a.m. eru oft tveir flokkar að æfa á sama tíma með ½ völl hvor. Það segir sig sjálft að þessi aðstaða er löngu sprungin og þörf er fyrir heilum gervigrasvelli til viðbótar ef deildina á að geta haldið úti þeirri þjónustu sem búist er við.

Meistaraflokkarnir okkar eru fyrirmyndir yngri iðkenda. Iðkendur líta upp til þeirra og sjá hvert þeir vilja stefna. Gríðarlega flott þjálfarateymi eru á bakvið meistaraflokkana sem eru að vinna frábært starf. Stelpurnar eru í toppbaráttu í Lengjudeilda kvenna og strákanir í 9. sæti í Lengjudeild karla.

Mót yngri iðkenda hafa verið mörg í sumar og sumir að stíga sín fyrstu skref á fótboltavellinum. Gaman að segja frá því að 5. flokkur karla varð N1 meistari í fyrsta skipti í sögu Afturldingar og stelpurnar í 5. flokki urðu í 8. sæti á TM móti Eyja, besti árangur á því móti hingað til. Framtíðin er svo sannarlega björt. Knattspyrnudeildin heldur úti sumarnámskeiðum og voru þau fimm talsins í sumar og um 400 iðkendur sótt þau.

Næstu helgi verður Weetosmótið á Tungubökkum þar sem tekið er á móti 6. og 7. flokki karla og kvenna.

Við erum gríðarlega stolt af okkar starfi hjá Knattspyrnudeild Afturldingar og er mikill metnaður fyrir því að ná lengra.

Að lokum viljum við hvetja Mosfellinga að mæta á völlinn og styðja við meistaraflokkana okkar!

**Sjáumst á Fagverksvelli!!!**

*Stjórn knattspyrnudeildar*

Taekwondo
Æfingar hefjast 23. ágúst.
www.afturelding.is/taekwondo

AFTURELDINGAR VÖRURNAR FÁST HJÁ OKKUR
JAKO SPORT ÍSLANDI
NAMO EHF. - SMIÐJUVEGI 74 (GUL GATA) - 200 KÓPAVOGI
Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is




# Weetos®

## MÓTIÐ 2021

**Weetosmót Aftureldingar í knattspyrnu verður haldið á Tungubökkum Mosfellsbæ dagana 28. og 29. ágúst.**

Spilað verður með hefðbundnu hraðmótsfyrirkomulagi í 6. og 7. flokki stráka og stelpna.
Weetos er styrktaraðili mótsins og gefur öllum börnum glaðning í mótslok.
Ljúffengar veitingar verða seldar á mótssvæðinu og ýmiss skemmtileg afþreying verður í boði.

**VIÐ HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ ÞIG!**

Skráning er rafræn inn á Facebook-síðu mótsins: **facebook.com/weetosmotid**

Netfang mótsins er: **mot@afturelding.is**

UMFA
ÍSLANDI ALLT
11. APRÍL 1909

# AFTURELDING

## Tímatöflur deilda veturinn 2021-2022

**SKRÁNINGAR Á HAUSTÖNN ERU HAFNAR Á SPORTABLER.COM/SHOP/AFTURELDING**

# BADMINTON

| FLOKKUR/ALDUR | MÁNUDAGAR | ÞRIÐJUDAGUR | MIÐVIKUDAGUR | FIMMTUDAGUR | FÖSTUDAGUR | LAUGARDAGUR | SUNNUDAGUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **U9**<br>2013-2015 | | | | 15:30-16:20<br>LÁGAFELL | | | |
| **U13**<br>2009-2012 | | 15:00-16:00<br>LÁGAFELL | | 16:20-17:20<br>LÁGAFELL | | | |
| **13 + Grunn**<br>2004-2008 | | 16:00-17:00<br>LÁGAFELL | 20:00-21:30<br>SALUR 1/2, VARMÁ | 17:20-18:40<br>LÁGAFELL | | | |
| **13 + Framhald**<br>2004-2008 | | 17:00-18:00<br>LÁGAFELL | 20:00-21:30<br>SALUR 1/2, VARMÁ | 18:40-20:00<br>LÁGAFELL | | | |
| **Fullorðnishópur**<br>2003+ | 20:00-22:30<br>SALUR 2, VARMÁ | | 20:00-22:30<br>SALUR 2, VARMÁ | | | | |
| **Keppnishópur**<br>2003+ | | | | 20:00-22:30<br>SALUR 2, VARMÁ | | | 10:00-13:00<br>LÁGAFELL |

# BLAK

| FLOKKUR/ALDUR | MÁNUDAGAR | ÞRIÐJUDAGUR | MIÐVIKUDAGUR | FIMMTUDAGUR | FÖSTUDAGUR | LAUGARDAGUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **U8 blandað**<br>2014-2015 | 15:00-16:00<br>LÁGAFELL | | 15:00-16:00<br>LÁGAFELL | | | |
| **U10 blandað**<br>2012-2013 | 14:00-15:00<br>LÁGAFELL | | 16:00-17:00<br>LÁGAFELL | | | |
| **U12 blandað**<br>2010-2011 | 15:30-16:30<br>SALUR 3, VARMÁ | | 16:30-17:30<br>SALUR 3, VARMÁ | | 15:00-16:00<br>SALUR 3, VARMÁ | |
| **U14 kvk.**<br>2008-2009 | | 17:00-18:30<br>SALUR 3, VARMÁ | | 15:00-16:15<br>SALUR 3, VARMÁ | 16:00-17:30<br>SALUR 3, VARMÁ | |
| **U16 kvk.**<br>2006-2007 | | 17:00-18:30<br>SALUR 3, VARMÁ | 17:30-19:00<br>SALUR 3, VARMÁ | 16:00-17:30<br>SALUR 3, VARMÁ | | |
| **U19 kvk.**<br>2002-2005 | 17:30-19:00<br>SALUR 3, VARMÁ | | 17:30-19:00<br>SALUR 3, VARMÁ | 16:00-17:30<br>SALUR 3, VARMÁ | | 9:00-10:30<br>SALUR 2, VARMÁ |
| **U15 kk.**<br>2007-2009 | 16:30-18:00<br>SALUR 3, VARMÁ | | 17:30-19:00<br>SALUR 3, VARMÁ | 16:15-17:30<br>SALUR 3, VARMÁ | | |

# KNATTSPYRNA

| FLOKKUR/ALDUR | MÁNUDAGAR | ÞRIÐJUDAGUR | MIÐVIKUDAGUR | FIMMTUDAGUR | FÖSTUDAGUR | LAUGARDAGUR | SUNNUDAGUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **8. flokkur kk.**<br>2016-2017 | 17.30-18.30<br>FELLIÐ | | | 17.30-18.30<br>FELLIÐ | | | |
| **7. flokkur kk.**<br>2014-2015 | 15:30-16.30 | | 15.30-16.30 | | 15.30-16.30 | | |
| **6. flokkur kk.**<br>2012-2013 | | 14.30-15.30 | 14.30-15.30 | | 14.30-15.30 | | |
| **8. flokkur kvk.**<br>2016-2017 | | | 17.30-18.30<br>FELLIÐ | | | 10.00-11.00<br>FELLIÐ | |
| **7. flokkur kvk.**<br>2014-2015 | 15.30-16.30 | | 15.30-16.30 | 15.30-16.30 | | | |
| **6. flokkur kvk.**<br>2012-2013 | 14.30-15.30 | 15.30-16.30 | | 14.30-15.30 | | | |

Æfingatöflur eru birtar með fyrirvara um breytingar

**AFTURELDING**
Tímatöflur deilda veturinn 2021-2022

# FIMLEIKAR

| FLOKKUR/ALDUR | MÁNUDAGAR | ÞRIÐJUDAGUR | MIÐVIKUDAGUR | FIMMTUDAGUR | FÖSTUDAGUR | LAUGARDAGUR | SUNNUDAGUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Krílin**<br>2019 | | | | | | | 9.00-9.45 |
| **Bangsar**<br>2018 | | | | | | | 10.00-10.45 |
| **Stubbar**<br>2017 | | | | | | | 11.00-11.45 |
| **Hvolpar**<br>2016 | | | 16.30-17.30 | | | | 12.00-13.00 |
| **Sýningarhópur**<br>2010-2012 | 16:00-17:30 | 16:00-17:30 | | 16:00-17:30 | | | |
| **Fullorðinsfimleikar** | 20.00-21.30 | | 20.00-21.30 | | | | |
| **Grunnhópur kk.**<br>2015 | 14.30-15.30 | | | | 14.30-15.30 | | |
| **Undirbúningshópur 1 kk.**<br>2014 | 16.30-17.30 | | | 14.30-15.30 | 14.30-15.30 | | |
| **Undirbúningshópur 2 kk.**<br>2013 | | 16.30-17.30 | | 16.00-17.00 | 15.30-16.30 | | |
| **Undirbúningshópur 3 kk.**<br>2012-2009 | 16.30-18.00 | 15.00-17.30 | 16.30-18.00 | | | | |
| **Úrvalshópur KKY kk.**<br>2010-2012 | 16.45-18.45 | | | 16.30-18.30 | 16.30-18.30 | 10.00-12.00 | |
| **Úrvalshópur KKE kk.**<br>2007-2010 | 16.00-18.30 | | 17.30-20.00 | | 16.30-19.00 | | 10.00-12.30 |
| **Grunnhópur Varmá kvk.**<br>2015 | 14.00-15.00 | | | 14.00-15.00 | | | |
| **Grunnhópur LKH kvk.**<br>2015 | 15.00-16.00 | | | 15.00-16.00 | | | |
| **Undirbúningshópur Varmá kvk.**<br>2014 | 14.00-15.00 | | 14.00-15.00 | 14.00-15.00 | | | |
| **Undirbúningshópur Lágafells- Krika og Helgafellsskóli kvk.**<br>2014 | | 15.00-16.00 | 15.00-16.00 | | 15.00-16.00 | | |
| **5. flokk Úrvalshópur kvk.**<br>2013 | 15:30-17:30 | | 15:30-17:30 | | 16:30-18:30 | | |
| **5. flokk Keppnishópur kvk.**<br>2013 | 15:30-17:30 | | 14.30-16.30 | 15.30-17.30 | | | |
| **5. flokkur kvk.**<br>2019 | 15.30-17.00 | | 15.00-16.30 | 15.30-17.00 | | | |
| **4. flokkur Úrvalshópur kvk.**<br>2011-2012 | | 16.30-18.30 | 16.30-18.30 | | 14.30-16.30 | 12.00-14.00 | |
| **4. flokks Keppnishópur kvk.**<br>2011-2012 | | 16.30-18.30 | 16.30-18.30 | | 14.30-16.30 | 12.00-14.00 | |
| **4. flokkur kvk.**<br>2011-2012 | | 16.45-18.45 | 16.45-18.45 | | | 12.00-14.00 | |
| **3. flokkur kvk.**<br>2009-2010 | 17:30-19:30 | | 17:30-19:30 | 17:30-19:30 | 16:30-18.30 | | |
| **2. flokkur kvk.**<br>2007-2008 | 17.00-19.30 | 17.00-19.30 | | 17.30-20.00 | | 10.00-12.30 | |

# FRJÁLSAR

| FLOKKUR/ALDUR | MÁNUDAGAR | ÞRIÐJUDAGUR | MIÐVIKUDAGUR | FIMMTUDAGUR | FÖSTUDAGUR | LAUGARDAGUR | SUNNUDAGUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **10 ára og yngri**<br>2011-2015 | 15.30-16.30<br>SALUR 3, VARMÁ | | 15.30-16.30<br>SALUR 3, VARMÁ | | 15.00-16.00<br>SALUR 3, VARMÁ | | |
| **11-14 ára**<br>2007-2011 | 16.30-17.30<br>SALUR 3, VARMÁ | | 16.30-17.30<br>SALUR 3, VARMÁ | | 16.00-17.00<br>SALUR 3, VARMÁ | | |

Æfingatöflur eru birtar með fyrirvara um breytingar

# HANDBOLTI

| FLOKKUR/ALDUR | MÁNUDAGAR | ÞRIÐJUDAGUR | MIÐVIKUDAGUR | FIMMTUDAGUR | FÖSTUDAGUR | LAUGARDAGUR | SUNNUDAGUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **8. flokkur kvk**<br>2014-2015 | | 15.30-16.30<br>SALUR 2, VARMÁ | | | 15.30-16.30<br>SALUR 1, VARMÁ | | |
| **7. flokkur kvk.**<br>2012-2013 | | | 15.30-16.30<br>SALUR 2, VARMÁ | | 15.30-16.30<br>SALUR 2, VARMÁ | | |
| **6. flokkur kvk.**<br>2010-2011 | | | 16.30-17.30<br>SALUR 2, VARMÁ | | 16.30-17.30<br>SALUR 2, VARMÁ | | 10.00-11.00<br>SALUR 2, VARMÁ |
| **5. flokkur kvk.**<br>2008-2009 | | 16.30-17.30<br>SALUR 1, VARMÁ | | 16.30-17.30<br>SALUR 1, VARMÁ | 16.30-17.30<br>SALUR 1, VARMÁ | | 14.00-15.30<br>SALUR 2, VARMÁ |
| **4. flokkur kvk.**<br>2006-2007 | 20.00-21.00<br>SALUR 1, VARMÁ | 16.30-17.30<br>SALUR 2, VARMÁ | | 19.00-20.00<br>SALUR 2, VARMÁ | 19.00-20.00<br>SALUR 1, VARMÁ | | 11.00-12.30<br>SALUR 1, VARMÁ |
| **3. flokkur kvk.**<br>2003-2005 | 17.30-19.00<br>SALUR 1, VARMÁ | 17.30-19.00<br>SALUR 1, VARMÁ | 17.30-19.00<br>SALUR 1, VARMÁ | 17.30-19.00<br>SALUR 1, VARMÁ | 17.30-19.00<br>SALUR 1, VARMÁ | 12.00-13.30<br>SALUR 1, VARMÁ | |
| **8. flokkur kk.**<br>2014-2015 | | 15.30-16.30<br>SALUR 1, VARMÁ | | 15.30-16.30<br>SALUR 1, VARMÁ | | | |
| **7. flokkur kk.**<br>2012-2013 | 15.30-16.30<br>SALUR 1, VARMÁ | | | 15.30-16.30<br>SALUR 1, VARMÁ | | | |
| **6. flokkur kk.**<br>2010-2011 | 15.30-16.30<br>SALUR 2, VARMÁ | | 15.30-16.30<br>SALUR 1, VARMÁ | | | | 15.30-16.30<br>SALUR 1, VARMÁ |
| **5. flokkur kk. yngri**<br>2009 | 16.30-17.30<br>SALUR 2, VARMÁ | 19.00-20.00<br>SALUR 2, VARMÁ | 16.30-17.30<br>SALUR 1, VARMÁ | | | 13.00-14.00<br>SALUR 1, VARMÁ | |
| **5. flokkur kk. eldri**<br>2008 | 16.30-17.30<br>SALUR 1, VARMÁ | 19.00-20.00<br>SALUR 1, VARMÁ | 16.30-17.30<br>SALUR 1, VARMÁ | | | 13.00-14.00<br>SALUR 2, VARMÁ | |
| **4. flokkur kk.**<br>2006-2007 | 19.00-20.00<br>SALUR 2, VARMÁ | 20.00-21.00<br>SALUR 2, VARMÁ | 19.00-20.00<br>SALUR 1, VARMÁ | 16.30-17.30<br>SALUR 2, VARMÁ | | | 12.30-13.30<br>SALUR 1, VARMÁ |
| **3. flokkur kk.**<br>2003-2005 | 19.00-20.00<br>SALUR 1, VARMÁ | | 19.00-20.00<br>SALUR 2, VARMÁ | 19.00-20.30<br>SALUR 1, VARMÁ | 19.00-20.00<br>SALUR 2, VARMÁ | 13.30-14.30<br>SALUR 1, VARMÁ | |

# KÖRFUBOLTI

| FLOKKUR/ALDUR | MÁNUDAGAR | ÞRIÐJUDAGUR | MIÐVIKUDAGUR | FIMMTUDAGUR | FÖSTUDAGUR | LAUGARDAGUR | SUNNUDAGUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. og 2. bekkur kk. & kvk.**<br>2014-2015 | | 15.00-16.00<br>SALUR 3, VARMÁ | | | 15.00-16.00<br>LÁGAFELL | | |
| **3. og 4. bekkur kk. & kvk.**<br>2012-2013 | | 16.00-17.00<br>SALUR 3, VARMÁ | | | 16.00-17.00<br>LÁGAFELL | 10.00-11.00<br>LÁGAFELL | |
| **5. og 6. bekkur kk. & kvk.**<br>2010-2011 | 16.00-17.00<br>LÁGAFELL | | 17.00-18.00<br>LÁGAFELL | | 16.00-17.00<br>LÁGAFELL | | 10.30-11.30<br>SALUR 3, VARMÁ |
| **7. og 8. bekkur kvk**<br>2008-2009 | 18.00-19.15<br>LÁGAFELL | 16.00-17.00<br>SALUR 3, VARMÁ | | | 18.00-19.00<br>LÁGAFELL | | 11.30-12.30<br>SALUR 3, VARMÁ |
| **7. og 8. bekkur kk**<br>2008-2009 | 17.00-18.00<br>LÁGAFELL | 18.00-19.30<br>LÁGAFELL | 18.00-19.10<br>LÁGAFELL | | | 11.00-12.00<br>SALUR 3, VARMÁ | |
| **9. og 10. bekkur kvk**<br>2006-2007 | | 19.30-20.30<br>LÁGAFELL | | | | 12.00-13.00<br>LÁGAFELL | |
| **9. og 10. bekkur kk**<br>2006-2007 | 19.15-20.30<br>LÁGAFELL | | 19.10-20.30<br>LÁGAFELL | | 19.00-20.30<br>LÁGAFELL | | 12.30-14.00<br>SALUR 3, VARMÁ |


sportabler

**SKRÁNINGAR Á HAUSTÖNN ERU HAFNAR Á**

**SPORTABLER.COM/SHOP/AFTURELDING**

Æfingatöflur eru birtar með fyrirvara um breytingar

**AFTURELDING**
Tímatöflur deilda veturinn 2021-2022

# KARATE

| FLOKKUR/ALDUR | MÁNUDAGAR | ÞRIÐJUDAGUR | MIÐVIKUDAGUR | FIMMTUDAGUR | FÖSTUDAGUR |
|---|---|---|---|---|---|
| **Byrjendur yngri** | 17:30-18:15 | | 17:30-18:15 | | |
| **Eldri Byrjendur** | 18:15-19:00 | | 18:15-19:00 | | |
| **Framhald yngri** | | 16:45-17:30 | | 16.45-17.30 | 17.00-17.45 |
| **Framhald eldri** | | 17.30-18.30 | | 17.30-18.30 | 17.45-18.45 |
| **Framhald Unglinga** | | 18.40-19.40 | | 18.40-19.40 | 18.45-20.00 |
| **Framhald fullorðnir** | | 19.40-21.00 | | 19.40-21.00 | 18.45-20.00 |

# TAEKWONDO

| FLOKKUR/ALDUR | MÁNUDAGAR | ÞRIÐJUDAGUR | MIÐVIKUDAGUR | FIMMTUDAGUR | LAUGARDAGUR |
|---|---|---|---|---|---|
| **11 ára og yngri byrjendur**<br>2010-2015 | 17.00-17.45 | | 17.00-17.45 | 17.00-17.45 | |
| **11 ára og yngri framhald**<br>2010-2015 | 17.45-18.30 | | 17.45-18.30 | 17.45-18.30 | |
| **12 ára og eldri hópur 1**<br>2009 + | 18.30-19.30 | | 18.30-19.30 | 18.30-19.30 | |
| **12 ára og eldri hópur 2**<br>2009 + | 19.30-21.00 | | 19.30-20.30 | 19.30-20.30 | |
| **Keppnispoomsae rauð belti og hærra** | | 18.00-19.00 | | | |
| **TKD fitness**<br>2006+ | | 17.00-18.00 | | | 11.00-12.00 |
| **Krílatími**<br>2016-2018 | | | | | 10.00-10.45 |
| **Opin tími** | | | | | 11.00-12.00 |

# SUND

| FLOKKUR/ALDUR | MÁNUDAGAR | ÞRIÐJUDAGUR | MIÐVIKUDAGUR | FIMMTUDAGUR | FÖSTUDAGUR | LAUGARDAGUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Selir**<br>2015 | 15.10-15.50<br>INNILAUG, LÁGAFELL | | | 15.10-15.50<br>INNILAUG, LÁGAFELL | | |
| **Höfrungar**<br>2014 | 16.00-16.40<br>INNILAUG, LÁGAFELL | | | 16.00-16.40<br>INNILAUG, LÁGAFELL | | |
| **Brons**<br>2011-2013 | | 18.15-19.00<br>INNILAUG, LÁGAFELL | | 17.15-18.00<br>ÚTILAUG, LÁGAFELL | 17.15-18.00<br>INNILAUG, LÁGAFELL | |
| **Silfur**<br>2009-2010 | 16.00-17.00<br>ÚTILAUG, LÁGAFELL | 16.00-17.00<br>ÚTILAUG, LÁGAFELL | 16.00-17.00<br>ÚTILAUG, LÁGAFELL | | | 8.15-10.00<br>SALUR/ÚTI |
| **Gull**<br>2008 + 8 .bekkur og eldri | 17.00-19.00<br>ÚTILAUG, LÁGAFELL | 17.00-19.00<br>19.00-20.00<br>ÚTILAUG, LÁGAFELL | 17.00-19.00<br>ÚTILAUG, LÁGAFELL | 6.10-7.15<br>19.00-20.00<br>ÚTILAUG, LÁGAFELL | 17.00-19.00<br>ÚTILAUG, LÁGAFELL | 12.00-14.00<br>10.00-11.00<br>ÁSVALLARLAUG |
| **Demantar**<br>2003 + 18 ára og eldri | 18.00-19.00<br>ÚTILAUG, LÁGAFELL | | 18.00-19.00<br>ÚTILAUG, LÁGAFELL | | 18.00-19.00<br>ÚTILAUG, LÁGAFELL | |

# Heimabær menningarinnar



Mosfellsbær iðar af menningu. Einhvern veginn höfum við fundið fullkominn stað fyrir sköpunarkraftinn, þar sem þéttbýli og náttúran mætast á jaðri höfuðborgarsvæðisins.

Við höfum stolt fengið að fylgjast með tónlistarfólkinu okkar klifra upp metorðastigann bæði hér heima og erlendis. Ríkt menningarstarf í Mosfellsbæ og öflugur listaskóli hefur alið upp hæfileikaríkt listafólk á sviði tónlistar, ritlistar, myndlistar og svo mætti lengi áfram telja.

Eitt af meginmarkmiðum menningarstefnu Mosfellsbæjar er að stuðla markvisst að því að menningarlíf bæjarins sé fjölbreytt og aðgengilegt fyrir alla hópa samfélagsins, enda mikilvægt að allir eigi kost á að taka þátt í menningarstarfi á eigin forsendum.

Undirstaða öflugs lista- og menningarlífs er menntun á öllum skólastigum og jöfn tækifæri til náms. Í Mosfellsbæ er öflugur listaskóli en aðsókn er mikil og biðlistar langir. Skólagjöld eru há og einhverjir nemendur þurfa að leigja hljóðfæri með tilheyrandi kostnaði.

Listnám er ekki einungis farvegur til þess að beisla sköpunarkraftinn heldur eflir það líka alhliða þroska nemenda. Mér finnst mikilvægt að auka aðgengi nemenda að fjölbreyttu listnámi og skapa rými fyrir listsköpun.

Í dag gefst nemendum í grunnskólum Mosfellsbæjar tækifæri á að stunda tónlistarnám innan veggja skólans að einhverju leyti. Aftur á móti er mikilvægt að grunnskólar komi með auknum hætti að listnámi og geri það aðgengilegra fyrir alla nemendur, óháð samfélagsstöðu.

Sveigjanleiki sem tryggir aðgengi nemenda að grunnstigs tónlistar- eða öðru listnámi á skólatíma gerir okkur fært að samtvinna listir og menningu inn í daglegt líf barna og unglinga. Þannig tryggjum við sömuleiðis að nemendur mæti vel upp lagðir í tíma en ekki þreyttir að loknum hefðbundnum skóladegi eða seint að kvöldi.

Mosfellsbær er bær menningar og lista. Við höfum nú þegar séð að við höfum alla burði til þess að ala upp listafólk á heimsmælikvarða og getum auðveldlega gert enn betur. Við í Vinstri grænum viljum sjá skapandi greinar sem hluta af íslenskri atvinnustefnu og efla listnám.

Í dag er tónlistarnám forréttindi og því vil ég breyta, engum á að neita um þau tækifæri sem felast í listnámi. Það er orðið löngu tímabært að gera listnáminu hærra undir höfði innan almenna skólakerfisins og gefa öllum börnum tækifæri til þess að blómstra.

*Una Hildardóttir*
*höfundur skipar 2. sæti á lista VG*
*í Suðvesturkjördæmi*

# Við getum verndað Varmá



Þegar ég flutti aftur í Mosfellsbæ með mann, kött og drauma um að fá okkur hund skipti mig miklu máli að finna húsnæði sem væri nálægt náttúrunni. Ekki aðeins svo að göngutúrarnir með hundinn yrðu fjölbreyttir og skemmtilegir, heldur líka vegna þess að náttúra Mosfellsbæjar skiptir mig máli persónulega.

Ég var svo heppin að finna íbúð á æskuslóðunum í Reykjahverfinu, þar sem náttúran er allt um kring. Ég man þannig eftir heilu sumrunum þar sem Varmá var aðal leiksvæði okkar vinanna. Við byrjuðum við dælustöðina og fylgdum ánni í gegnum skóginn við Reykjalund, framhjá Álafossi og enduðum síðan á Stekkjarflöt. Þá var mamma ein af stofnendum Varmársamtakanna, sem börðust fyrir verndun árinnar, þannig að Varmá átti stundum sæti við kvöldmatarborðið heima.

Varmá er perla og það er ekki síst hennar vegna sem mér hefur alltaf þótt Álafosskvosin vera hjarta Mosfellsbæjar. Það er ekki að ástæðulausu sem ferðamannarúturnar stoppa þar þegar þær eiga leið framhjá bænum. Sækjast í gömlu húsin, handverkið og auðvitað Álafossinn sjálfan.

**Áhyggjur í áratugi**

Þegar ég hugsa um barnæsku mína, nú þegar ég hef eignast mitt fyrsta barn, þykir mér sorglegt hvernig komið er fyrir Varmá. Ástand hennar er jafn slæmt, ef ekki verra, en það var þegar ég var lítil. Reglulega sjáum við myndir frá bæjarbúum af blágrænni slikju í ánni, mengun sem drepur fiska í hundraðatali ár eftir ár. Bakkar Varmár eru víða orðnir svo lélegir að það er ekki hægt að ganga meðfram henni á löngum köflum.

Bæjarbúar hafa bent á það frá því á síðustu öld að allt frárennsli frá göturæsum og bílastæðum fer beint út í ána. En þrátt fyrir óteljandi ábendingar, áskoranir og þrumuræður á bæjarstjórnarfundum frá vinum Varmár þá hefur ekkert verið gert. Áfram er efnum dælt út í ána og áfram fáum við myndir og áhyggjufullar færslur frá bæjarbúum.

**Einföld breyting**

En það er hægt að breyta til og grípa til aðgerða fyrir Varmá. Það er bara pólítísk ákvörðun eins og svo margt annað. Hvað íbúum kann að finnast skiptir ekki máli ef bæjarstjórn er á öðru máli. En það þarf ekki að vera þannig. Þess vegna erum við Píratar með stefnu í byggðamálum þar sem markmiðið er að auka völd íbúa og auðvelda þeim að hafa áhrif á nærumhverfi sitt. Það má gera mjög auðveldlega, t.d. með því að breyta sveitarstjórnarlögum þannig að lægra hlutfall íbúa þurfi til að kalla til borgarafundar og til að óska eftir íbúakosningu um einstök málefni.

Mér persónulega finnst velferð Varmár vera slíkt málefni. Að fallegri Varmá taki á móti gangandi Mosfellingum og að sex mánaða sonur minn geti leikið sér við heilnæmari Varmá í framtíðinni.

*Þórhildur Sunna Ævarsdóttir*


Ökukennsla Lárusar
Gsm 7775200 akamos@simnet.is
**Vespu-, bifhjóla-, og bílpróf**
Annast akstursmat og sé um hæfnispróf fyrir þá sem hafa gleymt að endurnýja.

FAGVERK

BÓLIÐ & MOSINN OPNA AFTUR!

VarmáBól, LágóBól og nýja Bólið okkar í Helgafellsskóla opna núna miðvikudaginn 25. ágúst

10 – 12 ára starfið okkar fer af stað í september og má finna dagskránna inn á 10 – 12 ára starf Bólsins inn á

Mosinn er einnig að fara af stað og má finna upplýsingar um starfið á bolid.is

SEPTEMBER 8.–10. BEKKUR

| 19:30 - 21:45 | MÁNUDAGUR VARMÁBÓL | ÞRIÐJUDAGUR LÁGÓBÓL HELGAFELLSSKÓLI | MIÐVIKUDAGUR VARMÁBÓL | FIMTUDAGUR LÁGÓBÓL HELGAFELLSSKÓLI | FÖSTUDAGUR VARMÁBÓL LÁGÓBÓL |
|---|---|---|---|---|---|
| | 30 Spilakvöld | 31 NETFLIX | 1 Opið hús | 2 POOL & chill | 3 |
| | 6 Opið hús | 7 FIFAAAA | 8 PingPong & chill | 9 BólQuiz | 10 Opið hús |
| | 13 BólQuiz | 14 Spilakvöld | 15 OpiðHús | 16 FIFAAAA | 17 ÍSKVÖLD |
| | 20 Opið hús | 21 PingPong & chill | 22 BólQuiz | 23 Haustball Bólsins | 24 POOL & chill |
| | 27 Kahoot kvöld Melkorku | 28 Opið hús | 29 NETFLIX | 30 Opið hús | |


BYGGINGAFÉLAGIÐ
BAKKI


TÓNAR
Íslensk hönnun / Íslensk ull
Fáanleg á
Lopidraumur.is
LOPI


SPJALLIÐ MEÐ
GÓÐVILD
ÞRIÐJUDAGA
Á VÍSI

## HEILSUMOLAR GAUA



### PALLI HJÓLAR

Ég fór í fjallahjólaferð með gömlum vinum úr #110 um þar síðustu helgi. Þetta var frábær ferð, en það sem gladdi mig mest var að upplifa einn af félögunum, köllum hann Palla, slá í gegn á hjólinu. Palli æfði fótbolta eins og við hinir, en hætti snemma. Hann var ekki í öðrum íþróttum og hefur aldrei verið mikið fyrir að mæta reglulega á æfingar. Hann var orðinn frekar þungur á sér fyrir nokkrum árum og var ekki sáttur við það.

Tók hann þá ákvörðun að byrja að hjóla í vinnuna og fékk það fína ráð frá atvinnuhjólaranum í hópnum okkar að gera þetta að daglegri venju. Ekki velja bara sólardaga og daga þar sem er meðvindur í réttar áttir á hjólastígunum. Palli gerði þetta, hann er búinn að hjóla í vinnuna alla daga í dágóðan tíma, sama hvernig viðrar. Þetta er viðráðanleg vegalengd, en það er ekki aðalatriðið, heldur það að hann hjólar þessa leið alla daga. Stundum velur hann lengri leið þegar hann hjólar heim, fer eftir aðstæðum og skapi.

Palli er ekki að æfa fyrir járnkall eða landvætti. Hann er ekki að keppa við neinn. Hann einfaldlega fann leið til þess að koma daglegri hreyfingu inn í lífið. Hreyfingu sem kemur honum í betra form og lætur honum líða betur. Þetta hefur áhrif á svo margt. Veiðiferðir, fjallgöngur, útileikir við krakkana og svo auðvitað að hjólaferðir með félögunum verða bæði auðveldari og skemmtilegri þegar úthaldið er gott.

Við getum lært margt af Palla. Til dæmis hvað það gefur mikið að hreyfa sig daglega og tengja hreyfinguna við daglega athöfn (vinnan í hans tilviki). Sömuleiðis að það er ekki nauðsynleg að eiga árskort í líkamsrækt til þess að koma sér í form. Það er aldrei of seint að byrja, allt sem til þarf er að taka ákvörðun og standa við hana.



Guðjón Svansson
gudjon@kettlebells.is

Fasteignasala Mosfellsbæjar
Sími: 586 8080
www.fastmos.is

# Þegar sumir eru jafnari en aðrir





Það er ákveðin meginregla í siðmenntuðu samfélagi að við höfum sömu réttindi og gegnum sömu skyldum, að fólki sé ekki mismunað t.d. á grundvelli búsetu. En hvers vegna er það þá þannig að sumir eru jafnari en aðrir þegar það kemur að því að kjósa til Alþingis, æðstu stofnunnar landsins.

Skipta Mosfellingar og nágrannar okkar í Kraganum minna máli en vinir okkar sem búa í landsbyggðarkjördæmunum? Það virðist að minnsta kosti vera miðað við áhugaleysi ríkisstjórnarflokkanna til að rétta hlut okkar sem búum í fjölmennasta kjördæmi landsins. Svo mikill var munurinn á vægi atkvæða í síðustu kosningum að nærri því tvöfaldan fjölda atkvæða þurfti í okkar kjördæmi til að fá þingmann kjörinn á móti þingmanni í fámennasta kjördæminu, eða 5.350 atkvæði á móti 2.690 atkvæðum.

Viðreisn lagði fram tillögu á Alþingi í vor sem stuðla átti á réttlátara kosningakerfi. Allir þingmenn stjórnarflokkanna kusu gegn þeirri tillögu. Heyrst hefur frá stjórnarflokkunum í sumar að það hafi einfaldlega ekki gefist nægur tími í vor til þess að ræða þetta frumvarp og því hafi ekki verið hægt að samþykkja það.

Við biðjum virðulega stjórnarþingmenn að hætta að slá ryki í augu kjósenda. Það var einfaldlega enginn vilji til þess að breyta þessu – þar sem að þessi misskipting er stjórninni í hag. Í okkar bókum kallast það sérhagsmunir.

Jafnt vægi atkvæða er jafnréttismál. Stjórnmálaflokkar eiga að fá þingsæti í samræmi við þá kosningu sem þeir hljóta. Þeir þingmenn sem eru kjörnir á þing starfa þar fyrir alla þjóðina, ekki bara sitt kjördæmi. Þannig náum við fram sanngirni, jafnrétti og samstöðu. Í þannig samfélagi viljum við búa.

*Eftir Elínu Önnu Gísladóttur 3. sæti á lista Viðreisnar í Suðvesturkjördæmi og Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur formann Viðreisnar og 1. sæti á lista Viðreisnar í Suðvesturkjördæmi*

# Um misvægi



Eftir síðustu Alþingiskosningar vantaði átta atkvæði upp á að Kópavogsbúinn Margrét Tryggvadóttir yrði annar þingmaður Samfylkingarinnar fyrir Kragann.

Fyrir vikið varð þingflokkur Samfylkingarinnar manninum færri en þingflokkur Framsóknarflokksins – þrátt fyrir að Samfylkingin hefði fengið rúmlega 2500 fleiri atkvæði en Framsókn á landsvísu. Nú er ég kominn í annað sætið – og er út um allt að svipast um eftir þessum átta ...

Sjálfur varð ég sá þingmaður sem hafði flest atkvæði á bak við sig á síðasta þingi – sem kannski er viss upphefð – en ég hefði samt frekar viljað hafa hana Möggu með mér. Það hefði hún líka verið ef atkvæði okkar í Kraganum hefðu ekki miklu minna vægi en atkvæði fólks sem býr í öðrum landshlutum.

Þegar kosningalög voru samþykkt undir lok þingsins reyndum við að koma á einfaldri leiðréttingu á þessari skekkju, með fjölgun jöfnunarþingsæta – auk mín lögðu fram málið Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir frá Viðreisn og Píratinn Björn Leví Gunnarsson. Í gamla daga var stundum talað um „lýðræðisflokkana" til aðgreiningar frá meintum alræðissinnum. Kannski er ástæða til að endurvekja þetta hugtak um þá flokka sem studdu þessa tillögu.

Við sem lögðum málið fram gerðum það í samráði við Þorkel Helgason, þann mann sem mest og best þekkir til kosningalaganna og við tókum líka mið af umsögn Ólafs Þ. Harðarsonar um kosningalagabreytingarnar svo að ekki er hægt að afgreiða þessa tillögu okkar sem hugdettu á síðustu stundu.

Stjórnarliðar sögðu að ekki hefði farið „næg umræða fram", eins og jafnt kosningaréttur sé álitamál sem þurfi að ræða, en ekki grundvallar-mannréttindi sem við öðlumst um leið og við höfum aldur til. Stundum heyrist í þessari umræðu að slík forréttindi og hagræði fylgi því að ýmsar stofnanir hafi höfuðstöðvar sínar á höfuðborgarsvæðinu að réttlætanlegt sé mismuna fólki þegar kemur að kosningarétti.

Það er vissulega ástæða til að jafna hlut byggðanna – og ótal tækifæri sem gefast til þess á okkar netvæddu tímum, en kosningaréttinn á ekki að nota til þess, frekar en önnur mannréttindi. Misvægi á einum stað verður ekki lagað með misvægi á öðrum stað.

Það ríkti almenn sátt um það frá árinu 1987 að minnsta kosti, að jafna bæri vægi flokkanna og Alþingi hefur nokkrum sinnum tekist að gera það. En í þremur síðustu kosningum hafa Sjálfstæðismenn og Framsóknarmenn hins vegar skipst á að fá aukamann umfram það sem þeim ber samkvæmt atkvæðavægi. „Þetta er eitthvað sem þarf að skoða," er haft eftir forsætisráðherra um málið.

Ef við fáum til þess styrk í komandi kosningum þá er þetta hins vegar eitthvað sem við ætlum að breyta. Þá þurfa þessi átta að skila sér ...

*Guðmundur Andri Thorsson þingmaður Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi og skipar annað sæti listans í komandi kosningum*

*Nýtt skólaár*

# Gerum þetta saman



Nú þegar skólastarf hefst að nýju eru grunnskólanemendur fullir eftirvæntingar að mæta í skólann sinn eftir sumarfrí. Einnig er að færast líf í starfið á leikskólunum eftir gott sumar og líf okkar allra að færast í fastar skorður. Við vonuðum í vor að kórónuveirufaraldurinn yrði vond minning þegar skólar hæfust nú í haust, en við verðum því miður að kljást við veiruna eitthvað áfram.

Ljóst er orðið að skólastarf verður með einhverjum takmörkunum í vetur með tilheyrandi púsli. Nú er vitað að veiran getur lagst illa á börn og það er hlutverk okkar fullorðna fólksins að verja þau. Það gerum við með því að fara eftir þeim reglum sem settar eru og huga að persónulegum sóttvörnum. Þetta kunnum við allt.

Megináherslan er þó að verja skólastarfið og reyna að tryggja að það verði sem eðlilegast. Til að það gangi eftir þurfum við að standa saman og leggja af stað inn í þennan vetur með bjartsýni og samheldni að vopni.

**Skólarnir okkar – hvað er nýtt?**

Varmárskóla hefur verið skipt í tvennt og heitir eldri deildin nú Kvíslarskóli. Það hefur vart farið framhjá bæjarbúum. Kvíslarskóli hefst kl. 8.30 í stað 8.10 í vetur samkvæmt ósk frá SAMMOS, samtökum foreldrafélaga grunnskóla í Mosfellsbæ. Breyting sem þessi hefur reynst vel annars staðar og vonandi verða unglingarnir okkar ánægðir með að fá að sofa aðeins lengur.

Nýr skólastjóri hefur verið ráðinn í yngri deildina og bjóðum við Jónu Benediktsdóttur hjartanlega velkomna til starfa með okkur. Nýju fólki fylgja nýjar áherslur og verður áhugavert að fylgjast með skólaþróun í Varmárskóla á næstu árum.

Í Helgafellsskóla hefur nýr áfangi, sem hýsir unglingadeildina, verið tekinn í notkun og verður gaman að sjá deildina blómstra í höndum eldhuganna sem þar starfa. Á Huldubergi og Hlíð verða yngstu börnin á ungbarnadeildum en mikið kapp hefur verið lagt í að aðlaga útisvæðin að þörfum yngstu barnanna. Á Höfðabergi verða 3 – 5 ára börn í góðum höndum og sex ára börnin fara aftur í stóru byggingu Lágafellsskóla. Hér er eingöngu stiklað á stóru því hver skóli iðar af lífi þar sem framsækið og öflugt fólk hefur ráðist til starfa sem ber hag unga fólksins okkar fyrir brjósti. Ég hlakka til að fylgjast með starfi þeirra í vetur.

**Skólasamfélagið í Mosfellsbæ**

Það er hlutverk bæjaryfirvalda að standa við bakið á skólafólkinu okkar svo það fái að blómstra og þróast í starfi.

Skólastarf í hverju sveitarfélagi er það sem skiptir íbúana mestu máli og þess vegna viljum við gera eins vel og mögulegt er. Markmiðið er að nemendur eflist og styrkist í starfi og kveðji skólann sinn í lok 10. bekkjar vel undir það búin að taka næstu skref inn í framtíðina. Þá hefur okkur tekist ætlunarverkið.

*Kolbrún G. Þorsteinsdóttir bæjarfulltrúi og formaður fræðslunefndar*

ARTPRO
PRENTÞJÓNUSTA

**Stöðuuppfærslur in your face**


**Guðrún Valdís Sigurðardóttir**
Laus úr Covid einangrun og frelsinu fegin. Eftir þessa reynslu er ég mjög þakklát <3 Það er ekki hvar sem er sem maður getur labbað inn á fínasta hótel, fengið flott herbergi og mat sendan á herbergið þrisvar á dag. Gengið svo bara út og þakkað fyrir sig. <3<3
*19. ágúst*


**Sigurður Hreiðar**
Nú eru komið út „tekjublað" handa almúganum að hneykslast yfir.
Vert samt að minnast þess að „tekjur" eru ekki endilega samheiti við laun. Braskari sem hefur 10 millur á mánuði í tekjur er kannski bara með eina þeirra í laun.
*19. ágúst*


**Helena Kristinsdóttir**
Ég vil að allar konur megi vera naktar í Nettó, taktu þátt í #NN byltingunni !!
Einnig er hægt svona fyrir þau sem fíla þýska mátann að taka þátt í "kafloðnar í Krónunni!" #KK byltingin, Og..
Með "Bóner í Bónus" eða #BB byltingin, veldu það sem hentar þér og látum engann stoppa okkur!
*21. júlí*


**Kristjón Daðason**
UPDATE! Jæja þá er komið að flutningum. Fáum afhennt í stykkishólmi milli kl 14 og 15. Þeir sem geta aðstoðað eru velkommnir :)
*18. júlí*


**Valdimar Leó Friðriksson**
Jæja. Það verðið að hressa mig við. Vorum rétt búin að koma okkur vel fyrir í bústað í Húsafelli.... þegar það var bankað.... Nei bústaðurinn var ekki "tvíbókaður"... Ég feilaði á dagsetningu og mætti viku of seint ....
*17. júlí*


**Erla Viðisdóttir**
Hvað kallast lúsmý sem treðst framfyrir ???
Skjúsmý
*15. júlí*

**facebook**


**BílaGlerið**
Framrúður & ísetningar
Sími 587-6510
Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla
Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is

**Öll almenn vörubíla- og kranaþjónusta**
- Grabbi, grjótkló og fl.
- Útvega öll jarðefni.
- Traktor og sturtuvagn í ýmis verkefni eða leigu.
- Sláttuþjónusta og fl.



**BJ VERK** ehf.
Björn s: 892-3042

**SG VERK**
*Öll almenn smíði*
Fagleg og vönduð vinnubrögð.
Erum byrjaðir að bóka sólpalla fyrir sumarið.
Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu!
*7799760 Sumarliði / Gísli 7799761*

**BE HAPPY ICELAND**
**BE HAPPY Stúdíó**
ÞVERHOLT 2
8623782
Tek að mér allskyns sauma verkefni.
Fataviðgerðir, breytingar o.fl.
Alla virka daga 9:00 - 18:00

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**
SÍÐAN 1996


Sverrir Einarsson

**ALÚÐ • VIRÐING**
**TRAUST • REYNSLA**
**Símar allan sólarhringinn:**
**581 3300 & 896 8242**
**www.utforin.is**
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

**BRA**
**BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS**
SJÓVÁ · TM · VÍS · vörður
*Frí Tjónaskoðun*
★ GÆÐAVOTTAÐ VERKSTÆÐI ★
*Auðbrekku 27. Kópavogi*
*www.bilasprautun.is*
☎ 554 2510

**FÓTAAÐGERÐASTOFA MOSFELLSBÆJAR**
*Þverholti 3 - Sími: 566-6612*



**GARÐMENN**
*...gerum garðinn frægan!*
Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.
**Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.**
Sími 893 5788

*~ Fagmenn í yfir 40 ár ~*
**BIFREIÐAVERKSTÆÐI MOSFELLSBÆJAR**
**Flugumýri 2 - Sími 566-6216**

**AFLTAK EHF.**
S: 660 0770 - www.afltak.is

Þú finnur öll blöðin á netinu
**WWW.MOSFELLINGUR.IS**

**GÓÐIR MENN** EHF
Rafverktakar
GSM: 820-5900
- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir

*Löggiltur rafverktaki*

**VGH Mosfellsbæ**
VERKTAKI SÍÐAN 1968
☎ 896-9443 896-2279
**ÞAÐ SEM TIL ÞARF**

## HEYRST HEFUR...

...að golfklúbburinn leiti nú eftir nýjum rekstraraðila á Blik en feðgarnir Jón Óskar og Kalli láta senn af störfum.

...að keppt verði í rafmagnshjólaflokki í Fellahringnum í kvöld í fyrsta sinn.

...að Brynhildur Georgs sé orðin nýr forstöðumaður Íslandsstofu.

...að mosfellska Hlöllafjölskyldan sem stofnaði Hlöllabáta sé að taka við rekstri Litlu kaffistofunnar.

...að Kvennahlaupið fari fram í Mosó laugardaginn 11. september.

...að Barion verði með hátíðardagskrá öll kvöldin um helgina þar sem m.a. koma fram Herbert Guðmunds, Ylja og Biggi Haralds.

...að Reykjalundur sé búinn að vera að taka við sjúklingum frá Landspítalanum til að létta á álagi þar.

...að mosfellsk dagmóðir hafi farið mikinn í mótmælum við bólusetningum ófrískra kvenna í sumar.

...að tilkynnt verði á sunnudaginn hver hljóti nafnbótina bæjarlistamaður Mosfellsbæjar.

...að Hafnfirðingar virðist nú sitja uppi með Malbikunarstöð Reykvíkinga sem fyrirhuguð var að myndi rísa á Esjumelum.

...að Tindahlaupið verði á sínum stað á laugardaginn og ennþá sé hægt að skrá sig.

...að regnbogafánarnir við Kjarna hafi verið skornir niður og þeim stolið.

...að fótboltastelpurnar eigi heimaleik gegn KR í kvöld en liðin eru í svakalegri baráttu um sæti í Pepsi. Pálsson og co bjóða frítt á leikinn kl. 18.

...að Elín Anna og Sigurbergur séu að fara gifta sig um helgina.

...að Sigríður Þóra og Óli Þórðar hafi eignast stúlku í sumar.

...að Hemmi og Bidda séu búin að loka Kaffi Kjós eftir 23 ára rekstur og er staðurinn nú til sölu.

...að Mosfellingurinn og markvörðurinn Cecilía Rán muni ganga til liðs við Everton eftir tímabilið.

...að tívolí frá Sprell verði opið við Hlégarð um helgina.

...að RafMos sé búið að tryggja sér sæti á Stórmeistaramótinu um helgina.

...að Svava Björk eigi afmæli í dag.

...að einhverjir hafi gengið berserksgang um Mosfellsbæ á dögunum með slökkvitæki að vopni.

...að nýr og glæsilegur útsýnispallur sé kominn á topp Úlfarsfells.

...að lottóvinningshafinn sem vann 55 milljónir á miða sem var keyptur á N1 í Mosó sé nú loksins fundinn.

...að bæði karla- og kvennalið Aftureldingar séu nú að undirbúa sig fyrir Olís-deildina sem hefst um miðjan septembermánuð.

mosfellingur@mosfellingur.is

## Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



**Skorri Jökull fæddist 11. maí 2021. Foreldrar hans eru Írena Styrkársdóttir og Andri Kárason. Eldri systkini Skorra eru Katrín Mirra, fædd 2012, og Rökkvi Þeyr, fæddur 2017.**




FALLEGA SKREYTT KJARNATORG

# BÆRINN Í BLÓMA

Það er víða fallegt um að litast í Mosfellsbæ um þessar mundir. Fallegar blómaskreytingar prýða bæinn á fjölmörgum stöðum og hefur garðyrkjudeild Mosfellsbæjar svo sannarlega látið hendur standa fram úr ermum. Blaðinu hafa borist þónokkrar ábendingar þar sem starfsmönnum er hrósað og er því komið hér til skila.

# Í eldhúsinu

HJÁ EVU OG STJÚRA

## Rabbabara- og eplapæ

Eva Rún Þorgeirsdóttir rithöfundur og verkefnastýra og Stjúri Sigurðsson rakari eru matgæðingar vikunnar. „Í garðinum okkar vex dásamlega bragðgóður rabbabari og mjög vinsælt er að baka úr honum á okkar heimili. Hér er uppskrift að gómsætu rabbabara-og eplapæ sem er auðvelt að útbúa og er alltaf borðað upp til agna.“



**Rabbabara- og eplapæ**

- 300 gr rabbabari
- 2-3 epli
- 3 msk trönuberjasafi
- 2 msk hrásykur
- 2 dl haframjöl
- 1/2 tsk kanill
- 50 gr smjör (mjúkt)
- 1 msk heilhveiti eða hveiti
- 2 msk púðursykur

**Aðferð:**
Skerið rabbabarann og eplin í smáa bita og setjið í eldfast mót (þessi uppskrift miðar við mót sem er um 25x35 cm). Hellið trönuberjasafanum yfir og blandið vel. Stráið síðan hrásykrinum yfir og látið standa í 10 mín. Myljið smjörið í skál og blandið öllum þurrefnunum saman við smjörið; hveiti, púðursykri, kanil og haframjöli. Dreifið „deiginu“ síðan yfir rabbabarann og eplin. Bakið við 200 gráður í 30 mínútur. Berið fram með ís eða rjóma og borðið strax!

*Verði ykkur að góðu!*

**Eva Rún og Stjúri skora á Ólaf Auðunsson og Sunnu Símonardóttur að deila næstu uppskrift**

# NÝJAN FOLF-VÖLL Í MOSÓ, TAKK

Hér kemur hnitmiðuð áskorun til bæjaryfirvalda: nýjan frisbígolfvöll í Mosó, takk. Því miður er staðan sú að folf-völlurinn í Ævintýragarðinum/Ullarnesbrekkunni er á meðal þeirra slökustu á landsvísu. Til að spila hann þarf klofstígvél og vaktmann sem fylgist með því hvar diskar lenda, því hann gleypir diska eins og uppþvottavél. Að öllu gríni slepptu þá er völlurinn barn síns tíma. Mosfellsbær tók snemma þátt í folf-byltingunni með því að henda upp vellinum, sem er vel, en síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar. Í dag vita folf-spilarar að völlurinn hefur því miður fátt af því sem einkennir góða braut. Hann er hreinlega út í móa sem þýðir að spilarar eyða miklum tíma í að leita að eða tapa alfarið diskum. Þetta hefur mikil áhrif á flæði á vellinum. Næstu holl á eftir þurfa því að bíða á teig á meðan leitað er að diskum. Þetta hefur líka áhrif á nýtingu þar sem þú spilar ekki völlinn á jaðartímum árs, eða eftir rigningar, nema hreinlega í stígvélum. Þetta með klofstígvélin var sem sagt ekki brandari.

Það er ekki mikið af augljósum kostum undir velli í Mosó en svæðið í kringum Reykjalundarskóg er eitt þeirra. Kjörið í góðan völl sem væri í bland opinn og í skógi, skógi þar sem botngróður er lítill og því auðvelt að finna diska. Mögulega gætu Reykjalundur og Mosfellsbær unnið saman þar? Annað svæði sem gæti verið skemmtilegt að skoða er svæðið austan við gamla golfskálann við Leirvoginn. En þar þyrfti að tryggja að fjarlægð frá reiðstígum væri örugg. Stuttur völlur á Hlégarðstúni væri frábær viðbót og eflaust eru fleiri svæði sem koma til greina.

Folf er ódýr og skemmtileg afþreying sem verður sífellt vinsælli. Árið 2014, þegar völlurinn í Mosó var vígður, hófst átak á landsvísu og voru 10 vellir reistir það ár. Í lok árs 2014 voru 20 vellir á landsvísu en í dag eru þeir 80. Það má ekki gleymast að Mosfellsbær átti eitt sinn vonarstjörnu Íslands í folfi, Steinda Jr. Steindi lenti í þriðja sæti á barnamótinu Úlla ljóta á Úlfljótsvatni um árið. Hann var reyndar löngu orðinn fullorðinn þá. Erfitt aðgengi að vellinum í Mosó ýtti honum út í tölvuspil og rauðvínsdrykkju. Látum söguna ekki endurtaka sig. Nýjan völl í Mosó, takk.



ÁSGEIR JÓNS




Mosfellsbakari.is
Háholt 13-15
Háaleitisbraut 58-60
MOSFELLSBAKARÍ

# SMÁ AUGLÝSINGAR

**Íbúð til leigu**
Lítil tveggja herbergja íbúð til leigu í Mosfellsbæ. Með húsgögnum. Upplýsingar í gegnum netfangið ar@simnet.is




**Óskilamunir**
Rauð Cintamani úlpa og MOS-kort fannst á Höfn í Hornafirði í sumar. Upplýsingar gefur Sandra: sandrabjorgs@gmail.com

**Smáauglýsingarnar eru fríar fyrir einstaklinga**
*mosfellingur@mosfellingur.is*



**ÞÚ GETUR AUGLÝST FRÍTT**
(...allt að 50 orð)

**Sendu okkur þína smáauglýsingu í gegnum tölvupóst:**
*mosfellingur@mosfellingur.is*

WWW.MOSFELLINGUR.IS
WWW.MOSFELLINGUR.IS
WWW.MOSFELLINGUR.IS

MG Lögmenn ehf.
Öll almenn lögfræðiþjónusta
Innheimtur
Sala fasteigna
Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is

ökukennsla HREIÐARS
8201616
ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ

Bílapartar ehf
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659
Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ
www.bilapartar.is

B. Markan ehf.
Pípulagnir
660 6690
www.bmarkan.is

MALBIKSTÖÐIN

Tek að mér alla krana- og krabbavinnu
Útvega allt jarðefni
VÖRUBÍLL Þ.B.
Klapparhlíð 10
Þorsteinn 822-7142



FHS
HJÁLMAR GUÐMUNDSSON
LÖGGILDUR HÚSASMÍÐAMEISTARI
S:6959922
FHSVERK@GMAIL.COM

www.arioddsson.is
ARI ODDSSON EHF
BYGGINGAVERKTAKI
MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA
FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI
Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is
Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070

Sjúkraþjálfun & Sjúkranudd
HEILSUEFLING MOSFELLSBÆJAR
Urðarholt 4 Mosfellsbær
Sími 578 5080

BH BÍLAVIÐGERÐIR BÍLHÚSIÐ
www.bilhusid.is
Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir, smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.
Smiðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540




**NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT**
**16. SEPT.**
*Blaðinu er dreift frítt í öll hús í Mosfellsbæ.*
Skilafrestur efnis/auglýsinga er til hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.
mosfellingur@mosfellingur.is

GLERTÆKNI ehf
Völuteigi 21
- gler í alla glugga -
S. 566-8888 • WWW.GLERTAEKNI.IS



**OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA**

**Lágafellslaug**
Virkir dagar: 6.30 - 21.30
Helgar: 8 - 19

**Varmárlaug**
Virkir dagar: 6.30-8 og 15-21
Laugard. kl. 8-17 og sunnud. kl. 8-16



# SPURNING TIL BÆJARBÚA

**Hvað stóð upp úr í sumar?**



**HANNA SÍM:**
Ferðirnar á Evrópuleikina.



**AGNES EMMA:**
Góða veðrið og djammið.



**GÍSLI ELVAR:**
Spánarferðin mikla.



**MAGGA:** Málningarvinna á pallinum og gluggunum.



**EINAR:**
Vinnan á Fagverksvellinum.



**SYSTA:** Sumarbústaðaferð með öllum miðaldra vinum mínum.

# Fylgdu okkur á Instagram...

@MOSFELLINGUR




# HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is



Steini Ben, Gummi Ben og Jói Ben



Bjarki vígalegur



Jökla í Jöklu



Strumpurinn sigursæll



Sumarkjólarnir út úr skápnum



Í hnapphelduna





Fertugsfjör

**FLOTTIR**






**RÓBERT ORRI (19) VESTAN HAFS**

**FYRSTI LEIKUR GEGN BECKHAM OG FÉLÖGUM**

## TVÍFARAR



Stefán Scheving



Jakob Holm

Hárstofan Sprey

Sprey opnar í Garðabæ

Sprey Hárstofa stækkar og erum við að opna aðra stofu á Garðatorgi 7.
Þú getur pantað tíma hjá Sprey Mosfellsbæ eða Sprey Garðatorgi í gegnum noona.is/sprey

Hárstofan Sprey
Sími 5176677
og á noona.is/sprey

# FERSKT FOLALDAKJÖT

# ÚTSALA



| | |
|---|---|
| HAKK | 559 KR/KG |
| GÚLLAS | 3.198 KR/KG |
| SNITSEL | 3.198 KR/KG |
| INNRALÆRI | 3.998 KR/KG |
| FILE | 4.398 KR/KG |
| LUNDIR | 6.558 KR/KG |

**KJÖTBÚÐIN**
www.kjotbudin.is

*GRENSÁSVEGI 48 - REYKJAVÍK*
*SUNNUKRIKA 3 - MOSFELLSBÆ*

# ÓSKA EFTIR EIGNUM

Vegna mikillar eftirspurnar eftir eignum í Mosfellsbæ óska ég eftir eignum á söluskrá



Ég aðstoða kaupendur í fasteignaviðskiptum þegar drauma eignin er fundin. Mæti að kostnaðarlausu með viðskiptavini að skoða eignina og veiti aðstoð í öllu ferlinu.

Hlakka til að heyra frá þér og ræða næstu skref.

Kristinn Sigurbjörnsson Löggiltur fasteignasali - Byggingafræðingur
Beinn sími: 560-5502 Netfang: kristinn@allt.is

Nýleg meðmæli:

Mæli eindregið með Kidda. Hann seldi fyrir mig. Mjög traustur og áreiðanlegur, fylginn sér og fullur af fróðleik með reynslu og þekkir mjög vel til byggingar og reglugerðar, var mér til halds og traust frá byrjun til enda frábær þjónusta. Fær 110 prósent meðmæli frá mér.

Kiddi fasteignasali starfar af áhuga á faginu og heillindum við sína viðskiptavini. Virkilega góð þjónusta og fagmannleg vinnubrögð.

ALLT FASTEIGNASALA

www.allt.is Sími 560 5500

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**
Sími: 586 8080
fastmos.is

# MOSFELLINGUR
WWW.MOSFELLINGUR.IS - MOSFELLINGUR@MOSFELLINGUR.IS

GK Snyrtistofa
Kjarna
Þverholti 2
Sími: 534 3424



## N1 MEISTARAR 2021

*Strákarnir í 5. flokki Aftureldingar gerðu sér lítið fyrir og sigruðu N1 mótið á Akureyri í sumar. Frábær árangur og sá besti sem Afturelding hefur náð á mótinu til þessa. Stór stund fyrir unga knattspyrnumenn sem eiga svo sannarlega framtíðina fyrir sér. Á myndinni má sjá drengina ásamt þjálfurum sínum.*

Sæktu Landsbanka-appið
App Store
Google Play

**Múlalundur**
Glæsileg ritfangaverslun í Mosfellsbæ
- kíktu við, þá vinna allir!
MÚLALUNDUR
vinnustofa SÍBS
við Reykjalund, Mosfellsbæ
www.mulalundur.is

**MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR - VERÐMETUM**



**Pétur Pétursson**
*löggiltur fasteignasali*
*897-0047*



**Davíð Ólafsson**
*löggiltur fasteignasali*
*896-4732*

*Þjónusta við Mosfellinga í 30 ár*

**Háholt 14, 2. hæð**
**588 55 30**

BERG FASTEIGNASALA

**Sunnukriki**



Til leigu mjög gott 180 fm. rými á jarðhæð í nýbyggðu húsi við Sunnukrika. Flott staðsetning og næg bílastæði.

**Sumarhús við Krókatjörn**




Afar vel staðsett 45 fm. sumarhús við Krókatjörn í nágrenni Hafravatns. Stór eignarlóð, tæpir tveir hektatarar. Húsið stendur alveg niður við vatnið við fallega vík. Skógarlundur umhverfis. Kalt vatn úr borholu. Frábær staðsetning.

**Litlikriki**



Glæsilegt 437 fm. einbýli með 3 auka íbúðum á neðri hæð. Afar vel byggt hús á vinsælum stað. Allt fyrsta flokks. Fallegt útsýni til Esjunnar. Vandaðar innréttingar. Hiti í gólfum. Eikarparket og flísar á gólfum. Íbúðirnar á neðri hæð eru allar með sér inngangi. **Verð: 167 m.**

**Bugðufljót**



204 fm. atvinnuhúsnæði. Góðar innkeyrsludyr með mikilli lofthæð. Góða aðkoma og aðgengi. Skilast fullfrágengið. Olíuskilja við hús. Næg bílastæði. **Verð: 52 m.**

**OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 9-18 • NETFANG: BERG@BERG.IS • WWW.BERG.IS • BERG FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1989**